



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Efnahagslegt óréttlæti í heiminum

Af siðferðilegri ábyrgð og okkar framlagi

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Elín Inga Bragadóttir

Maí 2015

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Heimspeki

Efnahagslegt óréttlæti í heiminum

Af siðferðilegri ábyrgð og okkar framlagi

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Elín Inga Bragadóttir

Kt.: 050890-2959

Leiðbeinandi: Henry Alexander Henrysson

Maí 2015

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um efnahagslegt óréttlæti í heiminum. Gengið er út frá því að allir eigi rétt til mannsæmandi lífs. Eins og staðan er í dag ganga ekki allir einstaklingar heimsins að því vísu að geta satt svengd sína daglega eða lagst til hvílu á öruggu heimili og á mörgum stöðum í heiminum er það regla fremur en undantekning að búa við slíkt óöryggi. Ef allir jarðarbúar hafa rétt til mannsæmandi lífs má ljóst vera að einhverjir hafa skyldum að gegna og eru ábyrgir fyrir því að þeim réttindum sé framfylgt. Hverjir bera þessar skyldur og hvers lags skyldur er um að ræða? Í ritgerðinni verður rætt hvernig ábyrgðin sé að takast á við slíkt efnahagslegt óréttlæti og með hvaða hætti? Þá er því velt upp hvað standi í vegi fyrir því að ráðist sé í úrbætur tafarlaust?

Spurningarnar verða ræddar með kenningar Peters Singer og Thomasar W. Pogge til hliðsjónar. Singer hefur haft mikil áhrif á umræðuna um efnahagslegt óréttlæti um þónokkurt skeið. Í kenningum sínum gerir hann grein fyrir því hvernig hann telur Vesturlandabúa vanrækja verknaðarskyldur sínar gagnvart fátækari þjóðum og sýna þeim áhugaleysi. Thomas Pogge kom fyrir nokkrum árum fram með kenningu sem hefur haft mikil áhrif á umræðuna um efnahagslegt óréttlæti æ síðan. Hann veltir því fyrir sér hvort við séum kannski ekki eins hlutlaus og við jafnan teljum okkur vera og sakar Vesturlandabúa um brot á taumhaldsskyldum sem þeir beri gagnvart fátækum þjóðum. Í leit að svörum verður að auki stuðst við réttlætiskenningu Johns Rawls, leiðbeinanda Pogge, og gagnrýni Uwes Steinhoff á kenningar Pogge verður gerð skil. Loks verða settar fram persónulegar vangaveltur sem snúa að gagnrýni Steinhoff og í kjölfarið verður helstu niðurstöðum vangaveltna um efnið gerð skil.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	I
Formáli.....	1
Inngangur	3
I. hluti – Efnahagslegt óréttlæti	5
Hugtök og staðreyndir	5
Fátækt	5
Tölulegar upplýsingar um fátækt.....	6
Nýlendustefna og heimsvaldastefna	7
Skiptaréttlæti	10
Réttlætiskenning Rawls.....	10
II. hluti – Hið siðferðilega líf	13
Siðferðilegar ákvarðanir.....	13
Siðferðilegar skyldur.....	14
Taumhalds- og verknaðarskyldur; gríða- og gæðaréttur.....	14
Verðskuldun.....	17
Siðferðileg ábyrgð.....	18
III. hluti – Kenning Thomasar Pogge	21
Grunnástæður efnahagslegs óréttlætis í heiminum	21
Arðgreiðslur af auðlindum	23
Af athafnasemi og aðgerðaleyfi.....	24
IV. hluti – Gagnrýni á hugmyndir Thomas Pogge	26
Galli í röksemdafærslu Pogge?	26
Tilraunir Pogge til að brúa bilið	27
Niðurstaða gagnrýninnar	29
Persónuleg viðbrögð við gagnrýni Steinhoff á Pogge.....	29
V. hluti – Niðurstöður	31
Heimildaskrá	37

Formáli

Í upphafi árs keypti ég mér nýjan síma. Gekk hnarreist inni höfuðstöðvar símafyrirtækis í Skútuvogi og sagðist hátt, snjallt og af fölsku öryggi vilja fjárfesta í svokölluðum snjallsíma. Skömmu síðar gekk ég alsæl út með iphone í höndunum. Ég hringdi í pabba minn úr nýja iphone-inum og sagði honum stolt frá skrefinu sem mér fannst ég hafa stigið inni 21. öldina. Það gerðist í millitíðinni að ég hætti að kalla símann minn einfaldlega „síma“ og fór að kalla hann „iphone“.

Mamma hringdi skömmu síðar og tilkynnti mér að ég hefði komið pabba verulega á óvart, hann hefði talað um að einhver hefði líklega haldið að ég myndi frekar leggja þá summu sem síminn kostaði inná reikning fyrir fátæk börn í Afríku. Ég fékk samviskubitssting í magann og það brá skugga yfir heimskulegt hamingjubrosið sem hafði verið á andlitinu mínu fyrir tilstilli þessa hverfula hlutar. Ég var þess meðvituð að peningaupphæðin sem ég borgaði fyrir iphone-inn hefði getað komið fólki til lífsbjargar víðs vegar um heiminn og eins var mér alveg ljóst að ég þyrfti ekki svo nauðsynlega á gripnum að halda. Ég reyndi að ýta þessum hugsunum frá mér en það var þrautin þyngri að hörfa undan þeim. Afhverju lagði ég ekki frekar þróunaraðstoð eða neyðaraðstoð lið um þá fjárhæð sem nam einum iphone?¹

Ég fékk ekki vikið úr huga mér greininni „Hungursneyð, velmegun og siðferði“ eftir ástralska heimspekinginn Peter Singer en í henni setur hann fram róttæka hugmynd varðandi neyðaraðstoð. Röksemdafærsla hans er á þá leið að ef það sé í okkar valdi að koma í veg fyrir að eitthvað slæmt eigi sér stað, án þess að fórna þar með einhverju sem sé álíka mikilvægt siðferðilega, þá beri okkur að gera það. Það virðist vera óumdeilanleg regla. Eins virðist óumdeilanlega slæmt að fólk þjáist og deyi vegna skorts á mat, húsnæði og lækniþjónustu. Þá má gera ráð fyrir að í yfirgnæfandi meirihluta tilvika í hinum vestræna heimi séu einstaklingar aflögufærir, að gefnum þessum forsendum, og af því leiði að okkur beri siðferðileg skylda til að gefa til neyðaraðstoðar samkvæmt röksemdafærslunni.²

Í kjölfarið gerir Singer hins vegar grein fyrir því að almennt megi telja ólíklegt að fólk fallist á þá afstöðu að það ætti sjálf að fórna svo miklu til að koma ókunnugu fólki til aðstoðar að það fari sjálf alveg niður að fátæktarmörkum. Singer setur því

¹ Nanna Hlín Halldórsdóttir, „Er siðferðilega réttlætlanlegt að eyða 190.000 kr. í iphone 5?“, *Vísindavefurinn*, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=63459>.

² Peter Singer, „Hungursneyð, velmegun og siðferði,“ þýð. Ingi F. Vilhjálmsson, *Hugur* 21 (2009): 83 - 84.

fram hófsamari útgáfu af meginreglunni en samkvæmt henni ber okkur siðferðileg skylda til að koma í veg fyrir að eitthvað mjög slæmt gerist ef við þurfum ekki þar með að fórna einhverju sem er siðferðilega mikilvægt.³

Mér var vel ljóst að það að fórna eignarhaldi á síma með innbyggðri myndavél og möguleika á notkun smáforrita teldist seint siðferðilega mikilvæg fórn. Mér varð enn á ný hugsað til þess fjölda fólks sem daglega sveltur heilu hungri og hefur ekki hugmynd um hvaða merkingu orðið smáforrit hefur – fólk sem lifir og hrærist í sama heimi og ég geri. Þá hugsaði ég um allan þann fjölda einstaklinga sem ég þekki sem á snjallsíma og hvort raunhæft væri að gera þá kröfu til þeirra sem byggja vestrænt samfélag að þeir gefi af sér í samræmi við meginreglu Peters Singer? Ég á satt að segja erfitt með erfitt með að sjá það fyrir mér, jafnvel þó að um hófsamari útgáfuna væri að ræða. Ég hefði getað selt iphone-inn minn eftir að mér varð ljóst að samviskubitsstingurinn í maganum færi hvergi. Með ágóðanum hefði ég t.d. getað stutt við UNICEF í yfirstandandi átaki þeirra sem snýr að framtíð sýrlenskra barna.⁴

Ég lúri hins vegar enn á þessum iphone – einfaldlega vegna þess að mér þykir skemmtilegt að fá Snapchat frá vinum og mynda mitt daglega líf og deila því á Instagram. Mér virtist ljóst að fara þyrfti raunhæfari leið en þá að krefja Vesturlandabúa um framfylgni við meginreglu Peters Singer. Ég hélt áfram að velta fyrir mér efnahagslegu óréttlæti og fátækt í heiminum svo dögum skipti, og loks mánuðum, því úr vangaveltonum fæddist þessi ritgerð.

³ Sama rit: 84.

⁴ „Sýrland“, Unicef á Íslandi, <https://www.unicef.is/syrland>.

Inngangur

Við erum flest meðvituð um að einstaklingar heimsins ganga ekki allir að því vísu að geta satt svengd sína daglega eða lagst öruggir til hvílu á heimili sínu við lok hvers dags. Á mörgum stöðum í heiminum er það regla fremur en undantekning. Fólk fæðist víðsvegar um heiminn inni aðstæður sem dæma það til ævilangrar fátæktar. Ekki er hægt að bera því við að það sé einfaldlega innfæddum sjálfum í þeim löndum að kenna hver staða þeirra er og verður vikið að því síðar, m.a. með umfjöllun um nýlendustefnu og heimsvaldastefnu Vesturlanda. Ég geri reyndar ráð fyrir að viðkomandi ættu rétt til mannsæmandi lífs þó svo að ábyrgðin á hinum slæmu aðstæðum lægi alfarið hjá þeim sjálfum.

Til að líf geti talist mannsæmandi tel ég nauðsynlegt að tryggð séu grundvallarmannréttindi, fæðuöryggi, samviskufrelsi, hreint drykkjarvatn, heilnæm hreinlætisaðstaða, aðgangur að lágmarks heilbrigðisþjónustu og tækifæri til grundvallarmenntunar. Í ritgerðinni kem ég til með að ganga út frá því að allir eigi rétt á að lifa slíku lífi. Sú siðferðilega afstaða er ekki hlutlaus en ég hygg þó að flestir muni fallast á hana. Mér virðist einfaldlega skjóta afar skökku við að ekki fái öll mannsbörn lifað mannsæmandi lífi á meðan til er auður í samfélaginu sem tryggt gæti öllum slíkt líf.

Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, er sama sinnis. Hann telur að réttlæti ætti að ná fram í heiminum með því að krefjast þess af stofnunum samfélagsins að þær tryggi öllum svokölluð frumgæði. Eftirfarandi tilvitnun er úr kafla í bók hans *Farsælt líf, réttlátt samfélag* þar sem hann fjallar um réttlætiskenningu bandaríska heimspekingsins John Rawls. Þeir munu báðir koma meira við sögu í þessari ritgerð, m.a. þar sem fjallað verður um skiptaréttlæti. Í þeirri umfjöllun kem ég til með að gera nánari grein fyrir því hvers vegna mér virðist liggja í augum uppi að allir eigi rétt til mannsæmandi lífs og að skipting auðs heimsins sé ósanngjörn:

Það er hróplegt ranglæti fólgið í því að sumir einstaklingar hafi enga leið til að lifa sómasamlegu lífi af ástæðum sem þeir ráða engu um meðan auður er til í samfélaginu sem nota má til að bæta lífskjör þeirra. Til að draga úr því ranglæti eigum við hvorki að reiða okkur á manngæsku þeirra sem eru aflögufærir né að meta verðleika þeirra sem þarfnast aðstoðar. Réttlæti næst

einungis með því að veita öllum réttmætt tilkall til þess, á hendur stofnunum samfélagsins, að þeim séu tryggð frumgæði.⁵

Ef allir jarðarbúar hafa rétt til mannsæmandi lífs, þá má ljóst vera að einhverjir hafa skyldum að gegna og eru ábyrgir fyrir því að þeim réttindum sé framfylgt. Jafnframt er ljóst, miðað við stöðuna í heiminum, að einhverjir hljóta að vera að bregðast þessum skyldum og svíkjast undan ábyrgð. En hverjir bera þessa ábyrgð og eiga að gegna þessum skyldum? Leggjum við ef til vill persónulega eitthvað á vogarskálarnar sem viðheldur því óréttlæti sem þrífst í heiminum? Þýski heimspekingurinn Thomas Pogge er þeirrar skoðunar að við séum ekki eins hlutlaus og við teljum okkur vera hvað efnahagslegt óréttlæti snertir og ég kem til með að rekja meginhugmyndir hans ásamt því að gera grein fyrir gagnrýni sem þær hafa sætt.

Loks mun ég varpa fram eigin hugrenningum með tilliti til þeirrar siðferðilegu afstöðu sem ég lagði upp með, þ.e. að hver og einn eigi rétt til mannsæmandi lífs, en í þeirri siðferðilegu afstöðu er óneitanlega fólgin krafa um úrbætur á fátæktarvanda heimsins. Því snúast spurningarnar sem ég fæst við ekki um það *hvort* taka eigi á fátæktarvanda heimsins heldur *hverjir* eigi að gera það og *hvers lags* breytingar séu vænlegastar til úrbóta. Þá velti ég fyrir mér hvað standi í vegi fyrir því að slíkar breytingar séu gerðar tafarlaust og hvort það sé siðferðilega réttlætanlegt að sitja aðgerðalaus hjá í heimi þar sem ljóst er að mikið efnahagslegt óréttlæti ríkir?

Allar varða þessar spurningar siðferðilegan þátt tilveru okkar með einum eða öðrum hætti og því kemur mér til með að ræða nokkur atriði sem snúa að siðferðilegu lífi einstaklingsins áður en ég sný mér að því að leita svara við þeim. Áður en að því kemur er þó nauðsynlegt að gera fáeinum hugtökum og staðreyndum skil.

⁵ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, 288.

I. hluti – Efnahagslegt óréttlæti

Hugtök og staðreyndir

Fátækt

Fátækt er hugtak sem fremur erfitt er að skilgreina, þrátt fyrir að það sé mikið notað í daglegu tali. Ég tala t.d. óspart um að ég sé fátækur námsmaður, yfirleitt í því samhengi að ég „neyðist“ til að neita mér um munað af einhverju tagi. Ég er þó nokkuð örugg með að geta borgað leiguna mína hver mánaðarmót og er að auki nokkuð viss um að mér takist að hafa í mig og á ef ég fer skynsamlega með það sem ég hef á milli handanna. Því má ætla að þeim sem búa við raunverulegan skort, ekki síst þeim sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, myndi gremjast þegar ég segist í gamansömum tón vera svo fátækur námsmaður að ég komist ekki með á leiksýningu eða í bíó í þetta sinn. Tekjuháir samlandar mínir kynnu þó líklega einhverjir að álíta mig fátæka, þar sem ég þarf vissulega oft að neita mér um munað.

Á síðari hluta 19. aldar skilgreindi breski fræðimaðurinn Seebom Rowntree svokölluð *algild fátæktarmörk* (e. *absolute poverty line*) með því að taka mið af því sem hann taldi fólki nauðsynlegt til framfærslu. Hann aflaði nákvæmra upplýsinga um tekjur og skilgreindi þá fátæka sem ekki höfðu tekjur sem dugðu fyrir slíkri framfærslu. Aðferðin er enn notuð við mælingar á fátækt, t.d. í Bandaríkjunum, en mun algengara er þó að miða við svokölluð *afstæð fátæktarmörk* (e. *relative poverty line*). Þá er fólk skilgreint fátækt ef tekjur þess fara undir fyrirfram skilgreint hlutfall af tekjum tiltekins viðmiðunarhóps. Þá er jafnan tekið tillit til fjölskyldustærðar og gert ráð fyrir að maki og börn þurfi á hluta tekna einstaklingsins að halda. Evrópusambandið (EU) og Efnahags- og þróunarstofnunin (OECD) hafa notað þessa aðferð við mælingar á fátækt meðal aðildarríkja sinna.⁶

Mælingar á fátækt út frá fátæktarmörkum eru ekki gallalausar, hvort sem um er að ræða algild- eða afstæð fátæktarmörk. Þó hlýtur að teljast nauðsynlegt að hafa einhvern mælikvarða til að hægt sé að fylgjast með því hvort fátækum fjölgi eða fækki og hve alvarleg fátækt þeirra sé. Það væri vissulega hægt að taka fleiri þætti með í reikninginn, svo sem búsetusvæði, skuldsetningu o.fl. áhrifaþætti, en slíkt

⁶ Guðný Björk Eydal, „Er fátækt á Íslandi? Hvað er afstæð fátækt?“, Visindavefurinn, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5960>.

krefðist aukinnar skipulagningar og fjármagns. Þá er ótalin sú staðreynd að stór hluti fátækra býr á götunni eða í óskráðum húsakynnum og því er erfitt að halda utan um fjölda þeirra, sem getur gefið mjög skakka mynd af fátæktarvanda ýmissa landa.⁷

Þrátt fyrir að ferlið við að draga línu fátæktarmarka sé að mörgu leyti takmörkunum háð, þá virðist mér eðlilegast að styðjast við kvarða afstæðra fátæktarmarka í alþjóðlegu samhengi þar sem hann lítur til þess að lífsgildi og lífsviðhorf eru ólík milli landa og menningarheima. Ég tel að slíkt afstæði ætti ekki að grafa undan réttinum til mannsæmandi lífs enda stríddi það ekki aðeins gegn mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna (UN) heldur einnig gegn hversdagslegu innsæi okkar.⁸ Samviska okkar léti okkur líklega ekki í friði ef við féllumst á afstæðan mælikvarða fátæktar þar sem fátæktarmörk væru dregin neðan mannsæmandi lífs, við sjáum skýrt að í því er engin sanngirni fólgin.

Þá er ótalin einn mælikvarði sem verður að teljast nokkuð algildur en hann felst í því að horfa á lífslíkur fólks og ungbarnadauða í löndum heimsins, þar sem lágar lífslíkur og háar ungbarnadauði gefa óneitanlega sterk skilaboð um aðstæður fólks í viðkomandi löndum.⁹

Tölulegar upplýsingar um fátækt

Áður en lengra er haldið held ég að ráð sé að gera örstutta grein fyrir fátækt í heiminum í dag með því að tiltaka nokkrar tölulegar staðreyndir. Til að byrja með þá heldur bilið á milli ríkra og fátækra áfram að breikka og á meðan hin 40% fátækustu í heiminum í dag lifa á 5% þeirra tekna sem aflað er innan hans, þá lifir ríkasti fimmtungurinn á 75% þeirra tekna sem aflað er.¹⁰

Þá eru hátt í 900 milljónir manna í heiminum vannærðar, 2000 milljónir hafa ekki aðgang að lífsnauðsynlegum lyfjum, hátt í 800 milljónir hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni, 2500 milljónir hafa ekki aðgang að nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, 800 milljónir manna eru ólæsar, 1600 milljónir skortir fullnægjandi

⁷ “Defining the Poverty: Too Much Credit for a Bankrupt Tool?“, Poverty.org, <http://www.poverties.org/absolute-poverty.html>.

⁸ „Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna,“ Mannréttindaskrifstofa Íslands, <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar-og-yfirlýsingar/sameinudu-thjodinnar/mannrettindayfirlýsing-sameinudu-thjodanna>.

⁹ “Relative vs. Absolute Poverty: Why and How Do We Measure Poverty?” Poverty.org, <http://www.poverties.org/absolute-poverty.html>.

¹⁰ Anup Shah, “Poverty Facts and Stats,” Global Issues, <http://www.globalissues.org/article/26/poverty-facts-and-stats>.

húsnæði og sami fjöldi hefur ekkert rafmagn.¹¹ Að auki þjáist næstum helmingur þeirra sem býr í þróunarlöndum á hverjum tímapunkti af heilsufarsvandamálum tengdum skorti á vatni og fullnægjandi hreinlætisaðstöðu. Á sama tíma eru 12% jarðarbúa ábyrg fyrir 85% af allri vatnsnotkun í heiminum. Vart þarf að taka fram að þessi 12% búa á Vesturlöndum en ekki í þriðja heiminum.¹²

Einn milljarður barna heimsins býr við fátækt í dag, þ.e. næstum annað hvert barn í heiminum. Af börnum sem búa í þróunarlöndum býr síðan þriðja hvert barn við þær aðstæður að hafa ekki fullnægjandi húskaskjól, fimmta hvert barn hefur ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni og sjöunda hvert barn hefur ekki aðgang að lágmarks heilsugæslu. Þá vinna 218 milljónir barna á aldrinum 5 – 17 ára launaða vinnu utan heimilis síns, oft við hættulegar aðstæður og í hálfgerðu þrælahaldi.¹³

Á hverjum einasta degi láta í kringum 22 þúsund börn lífið af völdum fátæktar í heiminum.¹⁴ Til að setja hlutina í eilítið betra samhengi, þá er fjöldi íslenskra barna undir 18 ára aldri rétt rúm 80 þúsund.¹⁵ Sá fjöldi nemur því að öll íslensk börn létu lífið á innan við fjórum dögum miðað við þær staðreyndir sem raktar eru hér að framan.

Nýlendustefna og heimsvaldastefna

Í íslenskri orðabók er *nýlenda* (e. *colony*) skilgreind sem „land (landsvæði) eða áður sjálfstætt ríki sem lýtur í öllu stjórn (fjarlægs) ríkis sem jafnframt arðrænir það.“ Þá er *nýlendustefna* (e. *colonialism*) skilgreind sem „ásókn ríkja í nýlendur og atferli þeirra þar.“¹⁶ En á hvaða tíma átti nýlendustefnan sér stað og með hvaða hætti? Enn fremur, má e.t.v. enn greina afleiðingar hennar?

Tímabil nýlendustefnu stóð yfir frá sextánda öld og fram á þá tuttugustu. Hún fólst í því að valdameira ríki, svokallað móðurland, lagði undir sig valdaminna ríki, svokallaða nýlendu, í þeim megintilgangi að græða á nýlendunni. Þetta átti sér

¹¹ Thomas W. Pogge, “Ending Poverty” (fyrirlestur), Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=S2w6BqUBghg>.

¹² Anup Shah, “Poverty Facts and Stats,” Global Issues <http://www.globalissues.org/article/26/poverty-facts-and-stats>.

¹³ Thomas W. Pogge, “Ending Poverty” (fyrirlestur), Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=S2w6BqUBghg>.

¹⁴ Anup Shah, “Poverty Facts and Stats,” Global Issues, <http://www.globalissues.org/article/26/poverty-facts-and-stats>.

¹⁵ „Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2015 - Sveitarfélagaskipan hvers árs“ Hagstofa Íslands, <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2015+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

¹⁶ Árni Böðvarsson, ritstj., *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi* (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs, 1963/1983), 694.

yfirleitt stað með hervaldi. Á hátindi nýlendustefnunnar er talið að Evrópuríki og Bandaríkin hafi stjórnað um 80% af landflæmi jarðar auk þess að hafa haft yfirburðastöðu á hafi í krafti flota síns. Á síðari hluta 18. aldar hefja síðan nýlendir að krefjast sjálfstæðis og heyja frelsisstríð og í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar var orðin útbreidd sú hugmyndafræði að þjóðir skyldu hafa sjálfsákvörðunarrétt.¹⁷ Fyrsta sjálfstæðisyfirlýsingin kom fram árið 1776 þegar uppreisnarmenn þrettán nýlenda lýstu yfir sjálfstæði sínu og kölluðu sig Bandaríki Norður Ameríku en síðar áttu Bandaríkjamenn sjálfir eftir að taka þátt í nýlendukapphlaupinu. Nýlendurnar öðluðust síðan sjálfstæði ein af annarri, langt fram eftir 20. öldinni.¹⁸

Nýlendurnar sátu flestar uppi með brotinn efnahag eftir kúgunina sem þær höfðu verið beittar. Í íslenskri orðabók er *nýlendukúgun* skilgreind sem „kúgun sem nýlendiríki beitir fólk í nýlendum.“¹⁹ Kúgunin var margþætt, m.a. voru auðlindir nýlendu nýttar í þágu móðurlandsins og efnahagslegra framfara þess, án tillits til hags nýlendunnar. Þá voru íbúar nýlendanna margir hverjir hneptir í þrældóm til að greiða leið móðurlandsins til aukins efnahagsgróða. Í S-Ameríku voru innfæddir hneptir í þrældóm og látnir vinna á sykurplantekrum en þeir dóu unnvörpum úr evrópskum sjúkdómum og afleiðingum erfiðisvinnu. Þá brugðu evrópskir nýlenduherar á það ráð að flytja þræla frá Afríku þar sem þeir reyndust betur til vinnuþrælkunar en Suður-Ameríkubúarnir, þ.e. meðallíftími hvers afríks þræls á plantekrunum var lengri en suður-ameríks. Ljóst er að blóðtakan var gífurleg á báðum stöðum, í Mexíkó fór tala innfæddra t.d. úr um 25 milljónum niður í 2,6 milljónir á 17. öld og Afríka missti 11 – 12 milljónir manna á besta aldri burt úr samfélagi sínu.²⁰

Þá er ýmislegt ótalið, t.d. voru landamæri víða dregin án tillits til ríkjandi hefða og trúarbragða og sums staðar var nýjum trúarbrögðum þröngvað uppá nýlendurnar með trúboði. Ný gildi settu mark sitt á menningu nýlendanna og sjálfsmynd þegnanna auk þess sem mörg hinna áður óþekktu gilda sem bárust frá Vesturlöndum höfðu gríðarleg áhrif á náttúru og umhverfi. Áhrifanna gætir enn og má t.d. merkja í ríkri neysluhyggju og gjörnýtingu auðlinda í gróðaskyni. Menningarleg áhrif eru sömuleiðis enn til staðar á þessum svæðum og sums staðar hafa brotist út

¹⁷ Anna Agnarsdóttir, „Hvað er nýlendustefna? Hver voru helstu nýlenduvelðin og afhverju sölsuðu þau undir sig önnur lönd?“, Vísindavefurinn, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6400>.

¹⁸ Gunnar Karlsson, ritstj., *Fornir tímar – Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4.000.000 f.Kr. til 1800 e.Kr.* (Reykjavík: Mál og menning, 2003), 360.

¹⁹ Árni Böðvarsson, ritstj., *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi* (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs, 1963/1983), 694.

²⁰ Gunnar Karlsson, ritstj., *Fornir tímar – Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4.000.000 f.Kr. til 1800 e.Kr.* (Reykjavík: Mál og menning, 2003), 209-213.

stýrjaldir vegna menningarlegrar togstreitu sem skapaðist í kjölfar nýlendustefnunnar.²¹

Af framansögðu má sjá að nýlendustefnan er ekki auðskilgreint hugtak og því er oft ruglað saman við hugtakið *heimsvaldastefnu* (e. *imperialism*). Í íslenskri orðabók segir að heimsvaldastefna sé „sú stefna í milliríkjasamskiptum að ríki stefni að og viðhaldi beinni stjórn sinni eða öðrum úrslitaáhrifum á efnahagsmál, stjórnarhætti o.þ.h. í öðrum löndum.“²² Með mikilli einföldun má segja að nýlendustefnan hafi falið í sér yfirráð valdameiri ríkja yfir valdaminni ríkjum í framkvæmd en heimsvaldastefnan sé hugmyndafræðin sem knúði framkvæmdina áfram.²³

Hugtakið *síðnýlendustefna* (e. *neo-liberalism*) hefur svo orðið til þess að auka enn frekar á ruglinginn en það hugtak byggir fyrst og fremst á marxískum hugmyndum og vísar til þess ástands að auðug ríki, yfirleitt vestræn, hafa haldið áfram að arðræna ríki í þriðja heiminum þrátt fyrir að þau hafi öðlast formlegt pólitískt sjálfstæði.²⁴ Hún kemur þannig fram að valdalítið ríki hefur formlegt frelsi en er í raun og veru viðfang valdameira ríkis á þann veg að efnahagskerfi þess er háð valdameira ríkinu. Pólitik valdaminna ríkisins ber þess yfirleitt svo ríkuleg merki að vart er hægt að tala um raunverulegt sjálfstæði þess. Áhrif síðnýlendustefnu eru ekki ósvipuð áhrifum nýlendustefnunnar og eru til þess fallin að breikka bilið á milli ríkra og fátækra þjóða og veikja stöðu þeirra fátækari.²⁵

Alla jafna hefur þeim þjóðum sem teknar voru sem nýlendur á sínum tíma reynst afar erfitt að rétta úr kútnum og það er deginum ljósara að þær báru mikinn skaða í efnahagslegu og stjórnmalalegu tilliti. Því liggur nokkuð beint við að spyrja hverra ábyrgð það sé að koma þeim til aðstoðar svo allir þegnar þeirra fái lifað því mannsæmandi lífi sem gengið er út frá að þeir eigi réttmætt tilkall til. Er það okkar, þegna hinna vestrænu ríkja, að bæta fyrir framkomu hinna látnu nýlenduhera eða er fjarlægðin orðin svo mikil í tíma að við berum enga ábyrgð á því sem átti sér stað á nýlendu tímanum? En hvað með síðnýlendustefnu samtímans, berum við ábyrgð á

²¹ Asad, Talal, “From the History of Colonial Anthropology to the Anthropology of Western Hegemony,” *The Anthropology of Politics: A Reader in Ethnography, Theory, and Critique*, ritstj. Joan Vincent (Oxford: Blackwell Publishing, 2002), 133.

²² Árni Böðvarsson, ritstj., *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi* (Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs, 1963/1983), 356-357.

²³ Amardeep Singh, Lehigh University, <http://www.lehigh.edu/~amsp/eng-11-globalization.htm>.

²⁴ Ólafur Rastrick, „Hvað er síðnýlendustefna?“, Vísindavefurinn <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6135>.

²⁵ Kwame Nkrumah, „Neo-Colonialism, the Last Stage of Imperialism,“ Marxists Internet Archive, <https://www.marxists.org/subject/africa/nkrumah/neo-colonialism/introduction.htm>.

áhrifum hennar – jafnvel þó að við kærur okkur ekkert um hana? Ég kem til með að leita svara við þessum spurningum eftir að hafa fjallað eilítið nánar um siðferðilega ábyrgð og gert grein fyrir hugmyndum Thomasar Pogge.

Skiptaréttlæti

Réttlætiskening Rawls

Réttlætiskening bandaríska heimspekingsins John Rawls varðar *skiptaréttlæti*, þ.e. réttláta skiptingu gæða.²⁶ Rawls tekur *hversdagslegt innsæi* manna um sanngirni alvarlega í kenningu sinni, ólíkt t.d. Peter Singer og öðrum nytjastefnuhugsuðum. Réttlætiskening hans ólík nytjastefnukeningum að því leyti að sérhver þjóðfélagsþegn nýtur friðhelgi sem undir engum kringumstæðum má rjúfa, jafnvel þótt velferð allra annarra kynni að krefjast þess.²⁷

Rawls setur í kenningunni fram hugmynd um samvinnu *frjálsra jafningja* en hún vísar í kröfuna um siðferðilegan jöfnuð manna. Hann segir réttlæti sem sanngirni eiga rætur í þeirri hugmynd og að hún sé jafnframt einn þeirra grunnþátta sem felist í lýðræðismenningunni. Rawls álitur frjálsa jafningja vera fólk sem er fært um að hugsa og breyta í samræmi við lykilhugmyndir lýðræðismenningarinnar en hann telur að slíkt krefjist tvenns konar lágmarkshæfileika; annars vegar hæfileikans til að bera skynbragð á réttlæti og hins vegar hæfileikans til að gera sér farsæld sína í hugarlund og leitast á skynsamlegan hátt við að vinna henni framgang.²⁸

Flestir heimspekingar eru sammála þessari kröfu Rawls en þá greinir hins vegar á um hvað hún feli í sér og hvaða ályktanir megi draga af henni um skipan samfélagsins. Sjálfur telur Rawls að til að hin sanngjarna skipan á samvinnu milli frjálsra jafningja megi líta dagsins ljós sé höfuðatriði að tryggja öllum jafna samningsstöðu en sú er sjaldnast reyndin. Til að koma í veg fyrir ójafna samningsstöðu setur hann fram hugmynd um svokallaðan *fávísisfeld*. Fávísisfeldurinn er ímynduð hula sem brugðið er yfir semjendur í siðferðilegum málefnum og hefur þau áhrif að semjendur vita ekki hvaða stöðu þeir hafa, eða munu hafa, í því samfélagi sem samningsgerðin snýst um. Hverjum semjanda er þannig ókunnugt um öll einkenni sjálfs sín, s.s. hæfileika eða verðleika, heilsu, aldur, útlit, kynferði eða kynþátt en hann

²⁶ John Rawls, *A Theory of Justice (revised edition)*.

²⁷ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, 272.

²⁸ Sama rit, 272-273.

getur hins vegar sem best kunnað öll deili á sérhverjum borgara viðkomandi samfélags.²⁹

Kenningin hefur verið gagnrýnd fyrir að vera óraunhæf en hugmyndin um fávísisfeldinn snýst í raun ekki um hvort það sé raunhæft að einstaklingurinn viti engin deili á sjálfum sér, heldur um hvað hann telji sanngjarnt sé hann knúinn til að líta framhjá eiginhagsmunum sínum á meðan hann tekur afstöðu í siðferðilegu álitamáli. Þar sem ógjörningur er að tryggja eigin hag undir fávísisfeldi án þess að tryggja um leið hag allra annarra þá leitast menn í slíkri ímyndaðri stöðu við að tryggja hverjum sem vera skal hagstæð lífsskilyrði og sjá afar skýrt í hverju réttlæti sem sanngirni er fólgið.³⁰

Á sama tíma og réttlætiskenningu Rawls er ætlað að skapa öllum skilyrði til að leita hamingjunnar, þá veitir hún borgurum svigrúm til að gera slíkt á ólíkum forsendum. Hún felur þannig í sér að fólk með ólíkan trúarlegan og menningarlegan bakgrunn deili sameiginlegri sýn á pólitíska innviði samfélagsins og fallist á grundvallarhugmyndir lýðræðis en um leið tryggir hún forsendur þess að hver og einn geti lifað í samræmi við þau lífsgildi sem hann velur eða þiggur í arf. Í meðförum Rawls á hugtakið samfélag því ekki við um áttaha fólks heldur um pólitískt samfélag, þ.e. um grundvallaratriði stjórnskipunar og efnahagsmála. Hann skýrir þetta atriði vel í eftirfarandi tilvitnun í þýðingu Vilhjálms:³¹

Meginviðfangsefni réttlætis er grunngerð samfélagsins, eða nánar tiltekið, með hvaða hætti helstu stofnanir þess kveða á um grundvallarréttindi og skyldur og ákvarða skiptingu gæða sem spretta af félagslegri samvinnu. Með helstu stofnunum á ég við stjórnarskrá og grundvallarskipan efnahags- og félagsmála. [... Þær] skilgreina réttindi manna og skyldur og hafa áhrif á lífshorfur þeirra, hvað þeir geti vænst að verða og hve vel þeim muni farnast. Grunngerð samfélagsins er meginviðfangsefni réttlætis því að áhrifin eru svo djúpstæð og viðvarandi frá upphafi.³²

Rawls segist þó ekki vita nákvæmlega hvernig ætti að hrinda þessu í framkvæmd en hann geri einfaldlega ráð fyrir því að lýðræðissamfélagið geti skapað

²⁹ Sama rit, 275-276.

³⁰ Sama rit, 275.

³¹ Sama rit, 299-304.

³² Sama rit, 274.

stofnanabundnar lausnir til þess að „efla skilyrði ígrundaðs lýðræðis og skapa vettvang fyrir opinbera skynsemi.“³³

³³ Sama rit, 307.

II. hluti – Hið siðferðilega líf

Siðferðilegar ákvarðanir

Í ritinu *Siðfræði lífs og dauða* fjallar Vilhjálmur Árnason um *siðferðilegar ákvarðanir*. Vilhjálmur lítur svo á að í aðalatriðum megi skipta siðferðilegum ákvörðunum í tvo flokka. Annars vegar ákvarðanir um hvernig lífi við viljum lifa almennt, þ.e. hvað við getum gert til þess að verða betri manneskjur. Hins vegar ákvarðanir um hvernig við eigum að breyta í einstökum aðstæðum.³⁴ Sem dæmi um slíkar aðstæður má nefna það þegar hjálparsamtök hringja í okkur og biðja okkur um að styrkja starf sitt eða þegar við kaupum kaffi út í búð og gerum upp við okkur hvort við eigum að kaupa ódýrasta kaffið eða fairtrade vottað kaffi, þó að það sé dýrara en kaffið sem ekki hefur fairtrade vottun.

Hvað varðar skyldur gagnvart fátækum eru þessar einstöku aðstæður svo margar að úr verður nánast ein samfelld heild sem snýr að því hvernig lífi við viljum lifa. Kaupi ég föt í búðum sem nýta sér ódýrt vinnuafl? Er ég heimsforeldri hjá UNICEF? Er réttlætanlegt að ég kaupmi tvö þúsund króna rauðvínsflösku fyrir matarboð en geti ekki séð af sömu upphæð til að bjarga lífi sveltandi fólks? Siðferðilegum spurningum sem þessum mætir maður á hverjum einasta degi, oft á dag.

Í því ljósi hljótum við að spyrja hvort ekki væri eðlilegast að kanna það til hlítar hvort í ríkari mæli væri hægt að setja það í hendur stjórnvalda að rétta af grundvallaróréttlæti sem þrífst í efnahagskerfi heimsins. Það myndi draga úr ábyrgð einstaklingsins og vandamálinu sem snýr að því hve erfitt getur reynst að fá almenning til að láta sig „fátækt fólk í fjarska“ varða. Eins myndu þeir sem láta sig það varða líklega öðlast ríkari innri ró vegna þess að með einhverjum hætti upplifir maður alltaf að maður gæti lagt aðeins meira af mörkum með því að sleppa rauðvínsflösku, bíóferð, sundferð o.s.frv.

Að óréttlætið sé rétt af í efnahagskerfinu, sem nokkurs konar kerfisvilla, virðist þannig raunhæfari lausn en sú að ábyrgðin sé fyrst og fremst í höndum einstaklingsins.

³⁴ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, 56.

Siðferðilegar skyldur

Siðferðilegar skyldur eru skilyrðislausar í þeim skilningi að sameiginleg markmið og siðferðisgæði eru í húfi. Þær kveða þannig á um að okkur beri að taka ákvarðanir í ljósi siðferðilegra verðmæta. Vilhjálmur Árnason gerir með eftirfarandi hætti grein fyrir siðferðilegri skyldu:

Þegar sagt er að eitthvað *beri* að gera er verið að tjá hugmyndina um siðferðilega skyldu. Hún er sett fram á ópersónulegan hátt, sem skilyrðislaus krafa: Siðferðilega nauðsyn ber til... Þessi skylda markar öðru fremur sérstöðu hins siðferðilega andspænis öðrum þáttum mannlífsins. Siðferðilegir hagsmunir eru frábrugðnir öðrum mannlegum hagsmunum. Það sem er siðferðilega rétt er ekki háð því hvað mig kann að langa til eða getur komið sér vel fyrir mig, þótt það geti vel farið saman við það. Mér ber einfaldlega skylda til að gera það sem er rétt.³⁵

Hann álitur siðferðisvanda yfirleitt ekki fölginn í því að menn viti ekki hvað þeim beri að gera, heldur í því að gera upp á milli verðmæta. Til þess þurfi menn ekki síst hugrekki, réttlætiskennd og dómgreind. Breytni manna sé síðan prófsteinn siðferðilegs þroska og þekkingar þeirra.³⁶

Þetta er hins vegar svolítið snúid þegar kemur að fátæktarvanda heimsins. Var það þá siðferðilega rangt af mér að kaupa mér iPhone þegar ég veit vel að sú fjárhæð sem hann kostaði hefði getað bjargað mannlífum í fjarlægu landi? Það er a.m.k. ljóst að togstreitan er mikil en það virðist einmitt eitt af því sem einkennir siðferðilegt líf. Til að átta sig betur á þessari togstreitu er ekki úr vegi að gera grein fyrir tvenns konar skyldum sem yfirleitt er gerður greinarmunur á í siðferðilegu samhengi.³⁷

Taumhalds- og verknaðarskyldur; griða- og gæðaréttur

Almennt má skipta siðferðilegum skyldum í tvo meginflokka; *taumhaldsskyldur* og *verknaðarskyldur*. Taumhaldsskyldurnar hvetja okkur til að láta eitthvað ógert, þ.e. halda að okkur höndum vegna siðferðilegra verðmæta sem eru í húfi. Dæmi um slíka skyldu er að láta það ógert að meiða eða deyða fólk. Verknaðarskyldur hvetja á hinn

³⁵ Sama rit, 46.

³⁶ Sama rit, 47.

³⁷ Sama rit, 47.

bóginn fólk til góðra verka, t.d. þess að hjálpa náunganum í neyð. Vilhjálmur Árnason segir það þumalputtareglu að þegar taumhaldsskyldur og verknaðarskyldur rekist á, þá eigi verknaðarskyldan að víkja fyrir taumhaldsskyldunni. Þannig kæmi t.d. sú skylda að deyða hvorki fólk né meiða framfar þeirri skyldu að láta fé af hendi rakna til samferðamannskju í neyð.³⁸

Þá tiltekur Vilhjálmur tvenns konar réttindi sem fólk hefur í samræmi við hina tvo meginflokka siðferðisskyldna; *griða-* og *gæðarétt*. Griðaréttur varðar þau réttindi sem taumhaldsskyldur vernda en dæmi um slíkan rétt er réttur manneskju til lífs og frelsis. Slíkur réttur svarar t.d. til þeirrar skyldu að deyða hvorki manneskju né svipta hana frelsi og er þannig skilyrði þess að manneskjan geti lifað og ræktað sjálfræði sitt og sjálfsvirðingu. Griðaréttur fólks er almennt þess eðlis að hann ber ævinlega að virða. Hér er mikilvægt að hafa hugfast að þar sem taumhaldsskyldur eru skyldur til þess að láta eitthvað ógert og griðaréttur er réttur til að vera látinn í friði, þá velta slíkar skyldur hvorki á sérstökum aðstæðum né sérstökum búnaði.³⁹

Gæðaréttur kveður hins vegar á um rétt einstaklinga til ákveðinna gæða sem aðrir geta látið í té en slík gæði eru breytileg eftir eignum og ástæðum. Hann er þannig ekki bundinn við siðferðileg verðmæti eins og griðaréttur, enda eru verknaðarskyldurnar sem hann svarar til oft álitnar valkvæðar siðferðisskyldur og settar fram með orðalagi sem hver og einn verður að heimfæra á sjálfan sig og aðstæður sínar hverju sinni. Þær kveða þannig ekki nákvæmlega á um hvað gera skuli heldur skírskota almennt til siðferðisvitundar og mannkosta hvers einstaklings.⁴⁰

Almennt er álitnið lofsvert og til fyrirmyndar að framfylgja verknaðarskyldum og oft er talað um að gera góðverk þegar þessum skyldum er framfylgt. Í röksemdafærslu Peters Singer sem rakin var í formála var niðurstaðan hins vegar sú að við þurfum að endurskoða viðteknar siðferðishugmyndir okkar með þeim hætti að við getum ekki lengur gert hefðbundinn greinarmun á siðferðisskyldum og góðverkum. Singer skýrir mál sitt ágætlega í eftirfarandi dæmi:

Þegar við kaupum okkur ný föt til að líta vel út en ekki til að halda á okkur hita erum við ekki að fullnægja neinni mikilvægri þörf. Við værum ekki að fórna neinu mikilvægu ef við héldum áfram að ganga í gömlu fötunum okkar

³⁸ Sama rit, 90.

³⁹ Sama rit, 90.

⁴⁰ Sama rit, 91-92.

og gæfum peninga til fólks sem býr við hungursneyð. [...] Að gera það telst hvorki vera góðverk né örlæti.⁴¹

Samkvæmt Singer teldist það því ekki til góðverks ef ég tæki þá ákvörðun að selja iPhone-inn minn og koma ágóðanum til sýrlenskra barna í neyð. Singer telur fjarlægðina ekki skipta máli í þessu samhengi þó að sú staðreynd að manneskja sé nálægt manni kunni að auka líkurnar á að maður muni hjálpa henni. Þar með sé ekki sýnt fram á að við ættum frekar að hjálpa þeirri manneskju en annarri sem er lengra í burtu frá okkur. Sumir kynnu að halda því fram að við séum í betri aðstöðu til að meta hvað þurfi að gera til að hjálpa manneskju sem er nálægt okkur en manneskju sem er langt í burtu frá okkur en Singer álitur það auma afsökun.⁴²

Ef þetta væri raunin þá væri þar komin ástæða til að hjálpa þeim fyrst sem eru nálægt okkur. [...] En því miður fyrir þá sem vilja bera takmarkaða siðferðilega ábyrgð þá hefur þetta ástand breyst með bættum samskiptamöguleikum og hraðari samgöngum. Frá sjónarhóli siðferðisins hefur þróun heimsins yfir í „heimsþorp“ haft mikilvæga, en þó um sinn ókunna, þýðingu fyrir siðferðilega stöðu okkar.⁴³

Aðrir bera því við að það séu svo margir í sömu, eða betri, stöðu en þeir sjálfir til að veita aðstoð að það takmarki ábyrgðina. Þegar ég fæ samviskubit yfir því að leggja ekki meira af mörkum til þróunaraðstoðar ber ég því t.d. oft við að ég sé bara fátækur námsmaður og að það sé heill hellingur af tekjuháu fólki í miklu betri stöðu en ég til að hjálpa. Singer segir hins vegar einungis um sálfræðilegan mun að ræða í þeim tilfellum þar sem maður er einn í þeirri stöðu að geta hjálpað og þegar upp kemur staða þar sem fleiri en maður sjálfur gætu komið til aðstoðar. Hinn sálræni munur birtist í því að maður fær yfirleitt minna samviskubit yfir því að aðhafast ekkert ef maður veit af fleirum sem eru í aðstöðu til að hjálpa.⁴⁴ Það má ljóst vera að Singer teldi samviskubitsstinginn sem ég er enn með í maganum yfir iPhone kaupunum eiga fullan rétt á sér.

Rawls myndi ekki taka undir með Singer. Hann greinir siðferði meginreglna í tvennt. Annan hlutann kennir hann við réttlætiskennnd og hinn hlutann við mannvínáttu

⁴¹ Peter Singer, „Hungursneyð, velmegun og siðferði,“ þýð. Ingi F. Villhjálmsson, *Hugur* 21 (2009): 87.

⁴² Sama rit: 84-85.

⁴³ Sama rit: 84.

⁴⁴ Sama rit: 85-88.

og sjálfsaga. Hann segir réttlætiskennndina skera úr um hvort menn beri kennsl á réttlæti og sýni það í breytni sinni en mannvinátta og sjálfsagi útheimti hins vegar fórnir sem ekki sé réttlætanlegt að krefja nokkurn mann um. Hann álitur slíkar fórnir umframskylduverk sem engir nema dýrlingar og hetjur inni af hendi, þótt þær séu auðvitað í fullu samræmi við leikreglur réttlætis.⁴⁵ Hefði Rawls þá ekki sett út á kaup mín á iPhone og talið mig verðskulda að eignast hann vegna þess að ég hafði unnið fyrir honum? Mér virðist nærtækt að skoða verðskuldun eilítið nánar.

Verðskuldun

John Rawls segir höfuðatriði að réttlætið krefjist þess að samfélagið liti óverðskuldaðar þjáningar og fátækt sem þrífist í heiminum. Það eigi hins vegar ekki að koma í veg fyrir að fólk njóti verðskuldaðra ávaxta af eigin dugnaði. Þótt grunngerð réttláts samfélags ráðist ekki af verðskuldun útilokar það ekki að margs konar sanngjarn greinarmunur sé gerður á mönnum eftir verðleikum á öðrum stigum réttláts samfélags. Hann segir óneitanlega mikilvæg tengsl milli sanngirni og verðleika á mörgum sviðum, s.s. við námsmat og stöðuhækkunar. Réttlætið krefst hins vegar þess að ekki sé að neinu leyti farið í manngreinarálit þegar frumgæði eru annars vegar.⁴⁶

Páll Skúlason, heimspekiþáttgjafi og fyrrum rektor Háskóla Íslands, kallar fram þennan kjarna í *Pælingum* sínum:

Réttlætið er ekki ávallt að fá það sem menn eiga skilið miðað við verðleika, heldur einfaldlega að fá að vera til hvað svo sem menn hafa til síns ágætis. Það réttlæti sem mestu skiptir er að njóta virðingar sem fullgildur meðlimur mannfélagsins – hvernig svo sem ástatt er fyrir manni og hverjir sem verðleikar manns, kostir, eða gallar eru.⁴⁷

Það er því alvarlegur siðferðisbrestur fólginna í að samfélagið láti það viðgangast að börn sveltir eða séu án lágmarks heilsugæslu vegna þess að þau, eða forráðamenn þeirra, eigi ekkert til skiptanna á frjálsum markaði.

Í þessu samhengi telur Vilhjálmur Árnason verknaðarskyldur samfélagsins við þegna sína ekki síður mikilvægar en taumhaldsskyldurnar, það sé t.d. jafn mikilvægt

⁴⁵ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, 310.

⁴⁶ Sama rit, 282-284.

⁴⁷ Páll Skúlason, *Pælingar*, 383.

fyrir tjáningarfrelsið að ríkið sjái til þess að allir þegar þess hljóti a.m.k. lágmarksmenntun og að frjálsri skoðanamyndun séu ekki settar hömlur með ritskoðun. Mannréttindi krefjast að þessu leyti bæði griðaréttar sem veitir mönnum griðland og athafnarými og gæðaréttar sem skapar þeim efnislegar og félagslegar forsendur til að nýta sér þetta rými.⁴⁸

Thomas Pogge myndi líkast til samsinna Vilhjálmi þrátt fyrir að nálgast málið með allt öðrum hætti. Hann veltir fyrir sér hvort ef til vill sé um brot á taumhaldsskyldum að ræða í sumum þeim tilvikum sem við alla jafna teljum okkur ekki sinna verknaðarskyldum okkar sem skyldi, þ.e. hvort við brjótum á griðarétti manneskju í einhverjum tilfellum þegar við teljum okkur vera að svíkjast undan því að uppfylla gæðarétt. Ég kem til með að víkja nánar að þessum vangaveltum í umfjöllun um hugmyndir Thomas Pogge.

Siðferðileg ábyrgð

Siðferðileg ábyrgð er óneitanlega samofin allri siðfræðilegri umfjöllun en hana skoðar Vilhjálmur Árnason bæði út frá sjónarhorni einstaklingsábyrgðar og mannglegrar samábyrgðar með því að líta til réttlætiskenningar Johns Rawls. Rawls imprar á því í réttlætiskenningu sinni að mannleg samábyrgð og réttlæti verði ekki sundurskilin þar sem mannleg samábyrgð og félagslegt réttlæti tryggja skilyrði einstaklingsábyrgðar.⁴⁹

Það má ætla að mikla alúð þurfi að leggja við uppeldi og menntun borgaranna til að þeir öðlist réttlætiskennnd, sem er grundvallaratriði hjá Rawls.⁵⁰ Vilhjálmur telur að öflug menntun, í réttnefndum skilningi þess orðs, sé hryggjarstykki mannglegrar samábyrgðar þar sem hún skapi öllum borgurum grundvallarforsendur farsældar, frelsis og sjálfsvirðingar. Því sé það siðferðileg ábyrgð samfélagsins að tryggja öllum borgurum sínum skilyrði til slíkrar menntunar og setja menntun og uppeldi í öndvegi.⁵¹

Menntun í réttnefndum skilningi þess orðs – og hún einskorðast vitaskuld ekki við skólagöngu – miðar óhjákvæmilega að því að móta menn. Því er afar mikilvægt að hafa skýrar og góðar viðmiðanir um það hvers konar menn er leitast við að móta með menntuninni. Er það nýtur þjóðfélagsþegn í þeim

⁴⁸ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, 288.

⁴⁹ Sama rit, 399-400.

⁵⁰ Sama rit, 399-402.

⁵¹ Sama rit, 406-407

skilningi að hann að hann leggi sitt af mörkum til neyslu og hagvaxtar eða í þeim skilningi að hann geti axlað ábyrgð á sjálfum sér sem vitsmuna- og tilfinningaveru og orðið virkur og sanngjarn borgari í lýðræðissamfélagi?⁵²

Vart þarf að gera grein fyrir því að Vilhjálmur aðhyllist síðari rökin sem hann nefnir *farsældarrök* (en ekki *hagsældarrök*) fyrir menntun. Samkvæmt þeim er höfuðatriði að gera einstaklinginn færán um að glíma við það lífsverkefni að gefa ígrunduð svör við þeim spurningum sem umhverfið vekur og í því er hin siðferðilega ábyrgð einstaklingsins fölgín.⁵³

Ábyrgðin er síðan háð takmörkunum rúms og tíma og er jafnframt aðstæðubundin. Þessar takmarkanir eru jafnframt forsendur persónulegrar ábyrgðar sem síðan finnur sér ópersónulega farvegi.

Hver einstaklingur er ávallt í afmörkuðum tengslum við aðra á sviði einkalífs, starfs og á opinberum vettvangi. Í samræmi við það er hann kallaður til ábyrgðar andspænis augliti annarrar manneskju með mismunandi hætti eftir því hver staða hans eða hlutverk er. Mannleg ábyrgð er því alltaf *samhengisbundin* og einungis þannig öðlast hún viðráðanlegt form.⁵⁴

Foreldri er þannig kallað til ábyrgðar gagnvart barni sínu, kennari gagnvart nemanda, lækni og hjúkrunarfræðingur gagnvart sjúklingi o.s.frv. Það mætti segja að staðhæfingin „ég er ábyrgur“ segi út af fyrir sig ekki neitt nema því sé bætt við, eða ljóst sé af samhenginu, gagnvart hverjum maður er ábyrgur og með hvaða hætti.⁵⁵

Slík hlutverkaábyrgð hefur hins vegar sínar takmarkanir, m.a. vegna þess að hún er takmörkuð við tiltekinn sögulegan skilning á mismunandi hlutverkum. Því er afar mikilvægt að einstaklingurinn samsami sig aldrei fullkomlega tilteknu félagslegu hlutverki og leysi sig þannig undan því að hugsa og meta aðstæður sjálfur, heldur iðki hlutverk sín með gagnrýninni hugsun og af heilindum. Aðeins með því að axla slíka ábyrgð gengst hann við þeirri grundvallarábyrgð sem fylgir því að vera manneskja.⁵⁶

En hvað með ábyrgð okkar í alþjóðlegu samhengi, þ.e. hvert er ábyrgðarhlutverk okkar í heimssamfélaginu? Okkur er nokkuð ljóst til hvers er ætlast

⁵² Sama rit, 406.

⁵³ Sama rit, 406-409.

⁵⁴ Sama rit, 421.

⁵⁵ Sama rit, 421-422.

⁵⁶ Sama rit, 422.

af okkur í hlutverki okkar í starfi og innan fjölskyldu en í stóra samhenginu er spurningin flóknari. Ein slík spurning varðar fátæktarvanda heimsins – hvað ber okkur að gera til að sporna við fátækt í heiminum?

Annars vegar er jarðtenging við hlutverk, aðstæður og getu sem setur því raunhæf mörk hver ábyrgð manns er. Án hennar er hætt við að hugmyndir manna um ábyrgð verði öðru fremur á sviði almennra krafna og finni sér ekki farvegi þar sem athafnir þeirra sjálfra skipta máli. [...] Hins vegar er meðvitund um að endurmeta og yfirstíga þessi mörk í ljósi kærleikskröfunnar þegar á reynir. Án hennar er hætt við að ábyrgðarvitundin festist í þröngum farvegum viðtekins hlutverkaskilnings sem hindrar að menn svari kalli náungans eða skynji rangindi. [...] Hún er forsenda þess að við *tileinkum* okkur raunverulega þau almennu siðaboð sem við aðhyllumst í orði og erum reiðbúin að verja í rökræðu.⁵⁷

Lokaorð bókarinnar *Farsælt líf, réttlátt samfélag* undirstrika mikilvægi þessa samspils: „Farsælt líf krefst bæði persónulegrar ábyrgðar og félagslegs réttlætis.“⁵⁸ En hvernig má finna þessu samspili farveg, t.d. með tilliti til fátæktar í heiminum? Það virðist hægara sagt en gert og ég held að nú sé ráð að víkja eilítið að hugmyndum þýska heimspekingsins Thomas Pogge sem setur hlutina í nýtt samhengi.

⁵⁷ Sama rit, 422.

⁵⁸ Sama rit, 423.

III. hluti – Kenning Thomasar Pogge

Hingað til hef ég aðallega fjallað um siðferðisskyldur einstaklingsins. Nú hyggst ég hins vegar beina athygli minni meira að stjórnámum og efnahagskerfi heimsins og færa athyglina af einstaklingnum um stund. Fyrst og fremst mun ég beina sjónum að hugmyndum þýska heimspekingsins Thomasar Pogge en hann hefur fært fyrir því rök að ríkari þjóðir heims vanræki ekki einungis verknaðarskyldur sem þær hafa gagnvart fátækari þjóðum heims heldur bregðist þær einnig taumhaldsskyldum sínum, þ.e. virði ekki griðarétt fátækra þjóða.

Margir álíta verknaðarskylduna valkvæða og jafnframt hafa margir ríkari tilhneiginu til að styrkja málefni sér nákominn fremur en að styrkja ókunnugt fólk og málefni í órafjarlægð. Fyrst málum er þannig háttað telur Pogge einkar aðkallandi að skoða betur taumhaldsskyldur okkar og hvort, og þá hvernig, við reynum að láta sem hún sé ekki til staðar. Hann tiltekur þrjár ástæður sem hann telur að leggi grunn að því mikla efnahagslega óréttlæti sem ríkir í heiminum í dag en allar varða þær áhugaleysi Vesturlandabúa á vissum taumhaldsskyldum.⁵⁹

Ef við viljum halda í þá trú að við lifum siðlegu lífi verðum við að skoða þetta atriði nánar, ekki síst í ljósi þess að það varðar lífsafkomu og lífsgæði fjölmargra einstaklinga og fjölskyldna á jörðinni.

Grunnástæður efnahagslegs óréttlætis í heiminum

Pogge, sem var nemandi Rawls, taldi frábært tækifæri fólgið í réttlætiskeningunni fyrir Vesturlandabúa til að átta sig á að utanríkisstefna þeirra væri of heimsvaldasinnuð og að ásælni væri of mikil í gæði fátækari landa. Hann taldi hugmynd Rawls um fávísisfeldinn vel til þess fallna að fá Vesturlandabúa til að velta fyrir sér hvernig efnahagslegt og stjórnmálalegt heimsskipulag þeir óskuðu sér ef þeir þekktu hvorki fæðingarland sitt né lífskjör.⁶⁰

Rawls var meiri föðurlandsvinur en nemandi hans og ekki eins æstur í að yfirfæra kenningu sína á heiminn allan. Hann gaf fyrir því ýmsar ástæður og sagðist fyrst og fremst hafa haft bandarískt samfélag í huga þegar hann setti kenninguna fram. Pogge klauf sig því að vissu leyti frá leiðbeinanda sínum þegar fram liðu stundir, þrátt

⁵⁹ Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms* (Cambridge: Polity Press, 2008), 205.

⁶⁰ Thomas W. Pogge, “Pogge: John Rawls” (viðtal á vegum Carnegie Council for Ethics in International Affairs), Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=r9yUJLBzGX8>.

fyrir að báðir teldu að réttlæti og óréttlæti varðaði skipulag grunnstofnana samfélagsins – annar á heimsvísu en hinn á þjóðarvísu.⁶¹

Það kemur því ekki á óvart að fyrsta ástæðan sem Pogge tiltekur snýr að áhrifum sameiginlegra stofnana í heiminum. Hann veltir fyrir sér með hvaða hætti það stofnanaskipulag sem við búum við í samtímanum, sem myndað er af ríkari þjóðum heims en hinar fátækari þurfa að gera sér að góðu, eigi sinn þátt í því mikla óréttlæti sem ríki í heiminum. Fjárfestingar, lánastarfsemi, hernaður og viðskipti okkar sem byggjum hinn vestræna heim hafa víðtæk áhrif á fátækustu þjóðir heims og varða afkomu fjölmargra. Við höfum tilhneigingu til að ýta þeirri staðreynd frá okkur, enda er tilhugsunin um að afkoma annarra ráðist fyrst og fremst af okkar eigin lífsháttum og neysluvenjum vægast sagt óþægileg.⁶²

Það sama á við um næstu ástæðu sem Pogge tiltekur en hún snýr að útilokun hinna fátækari þjóða frá auðlindum jarðar. Það er staðreynd að efnameiri þjóðir nýta mikinn meirihluta auðlinda heimsins. Tökum Ísland sem dæmi. Rannsóknir hafa sýnt að ef allir lifðu eins og Íslendingar, þá þyrftum við tíu jarðir til að fullnægja (gervi)þörfum mannkyns. Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor við Jarðvísindastofnun og Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun, telur að þeir sem nýti auðlindirnar eigi að borga fyrir það stóran hluta af arðinum í þjóðarsjóð.⁶³

Norðmenn hafa gert þetta mjög vel og þeir sem nýta olíuna borga 72% af virði olíunnar í sjóð fyrir komandi kynslóðir. Arður okkar af orkunni er nú einungis 3% fyrir Landsvirkjun, og ráðamenn vilja virkja meira og byggja meira af stóriðju. Hvernig getum við Íslendingar verið svona vitlausir? Útgerðarmennirnir borga nær ekkert til ríkisins fyrir að fiska fiskinn úr sjónum sem við eigum sameiginlega, en greiða arðinn í eigin vasa.⁶⁴

Ég tek undir með Kristínu Völu en tel að hugmyndina mætti setja í enn víðara samhengi líkt og Thomas Pogge leggur til. Hann setur fram hugmynd þess efnis að

⁶¹ Thomas W. Pogge, “Pogge: John Rawls” (viðtal á vegum Carnegie Council for Ethics in International Affairs), Youtube, <https://www.youtube.com/watch?v=r9yUJLBzGX8>.

⁶² Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms* (Cambridge: Polity Press, 2008), 205-207.

⁶³ Kristín Vala Ragnarsdóttir, „Íslendingar eru mestu umhverfissóðar í heimi“ (viðtal Höllu Harðardóttur við Kristínu Völu Ragnarsdóttur), Fréttatíminn, http://www.frettatiminn.is/frettir/islendingar_eru_mestu_umhverfissodar_i_heimi/.

⁶⁴ Kristín Vala Ragnarsdóttir, „Íslendingar eru mestu umhverfissóðar í heimi“ (viðtal Höllu Harðardóttur við Kristínu Völu Ragnarsdóttur), Fréttatíminn, http://www.frettatiminn.is/frettir/islendingar_eru_mestu_umhverfissodar_i_heimi/.

hluta arðsins sem hlýst af auðlindum jarðar yrði varið skuldlaust til uppbyggingar á svæðum þar sem fátækt er landlæg. Ég get ekki annað en velt fyrir mér hve miklum breytingum til hins betra mætti ná fram í fátækari ríkjum heims ef hluti slíks þjóðarsjóðs, þ.e. hluti arðsins, rynni skuldlaust til uppbyggingar þar sem hennar er brýn þörf og kem til með að fjalla eilítið nánar um þessa hugmynd Pogge.⁶⁵

Síðasta ástæðan sem Pogge tiltekur sem eina af grunnástæðum efnahagslegs óréttlætis varðar áhrif sameiginlegrar og blóðugrar sögu. Núverandi aðstæður margra fátækra landa eru verulega mótaðar af landvinningum og nýlendusögu Vestrænna þjóða, líkt og drepið hefur verið á. Pogge segir ekki tækt að flekkuð saga komi enn í dag fram í djúpstæðu óréttlæti og því beri okkur siðferðileg skylda til að uppræta fátækt.⁶⁶

Arðgreiðslur af auðlindum

Pogge setur í kenningum sínum fram ýmsar tillögur til upprætingar á fátækt í heiminum. Ein þeirra, og sú sem mér þykir mest til koma, gerir ráð fyrir að hluta þess arðs sem hlýst af auðlindum jarðar yrði varið skuldlaust til upprætingar fátækta. Í henni felst að ríki og stjórnvöld hefðu ekki fullan eignarétt yfir náttúruauðlindum sínum að því leyti að þess yrði krafist af þeim að deila litlum hluta arðsins sem af auðlindunum hlytist í þágu uppbyggingar á fátækum svæðum.⁶⁷

Pogge telur nauðsynlegt að hugmyndin sé sett fram með hógværum hætti eigi hún hljóta einhvern hljómgrunn. Hugmyndin felur því ekki í sér kollvörpun hagkerfis heimsins heldur kæmi hún til með að rúmast innan hins kapítalíska hagkerfis og ríki hefðu sjálfsákvörðunarrétt um nýtingu auðlinda innan síns umráðasvæðis. Breytingin yrði „einungis“ sú að fátækar þjóðir ættu tilkall til hluta arðsins sem af þeim hlytist. Með þessum hætti telur Pogge að ekki yrði vikið of langt frá því skipulagi sem ríkir í heiminum í dag. Eins yrði kostnaðurinn við framkvæmdina hóflegur en þó nægur til að draga verulega úr landlægri fátækt og jafnvel útrýma henni þegar fram liðu stundir.⁶⁸

En fyrst hugmynd Pogge um arðgreiðslur af auðlindum til upprætingar á fátækt virðist tiltölulega einföld í framkvæmd, auk þess sem kostnaður við hana er

⁶⁵ Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms* (Cambridge: Polity Press, 2008), 207-209.

⁶⁶ Sama rit, 207-210.

⁶⁷ Sama rit, 202-203.

⁶⁸ Sama rit, 210-214.

áætlaður hóflegur, hvers vegna er þá verið að tvínóna við framkvæmdina? Er nokkuð að vanbúnaði?

Af athafnasemi og aðgerðaleysi

Við höfum hingað til verið að spyrja spurningarinnar um hvað okkur beri að leggja af mörkum til að sporna gegn fátækt en sú spurning varðar það hvernig við getum innt verknaðarskyldur okkar betur af hendi. Rétt er að rifja upp að verknaðarskyldur eru oft taldar vera valkvæðar siðferðisskyldur sem hver og einn getur heimfært á sjálfan sig og sínar aðstæður hverju sinni.⁶⁹ Þá er e.t.v. einnig rétt að rifja upp að John Rawls álitur verk sem heyra undir verknaðarskyldur umframskylduverk sem aðeins dýrlingar og hetjur inni af hendi og ekki sé hægt að ætlast til af hinum almenna borgara.⁷⁰

Pogge snýr sjónarhorninu við og í stað þess að spyrja hvað okkur beri að leggja af mörkum til að sporna gegn fátækt veltir hann fyrir sér hvar megi draga úr. Hann telur okkur Vesturlandabúa stuðla að efnahagslegu óréttlæti, taka þátt í viðhaldi þess og njóta góðs af því, t.d. með því að arðræna auðlindir fátækari þjóða heims, ástunda ósanngjörn viðskipti, fjárfestingarstarfsemi og hernað. Við þurfum því að velta fyrir okkur hvernig við getum dregið úr umsvifum okkar í þróunarlöndum.⁷¹

Þetta arðrán er í sjálfu sér nógu slæmt en Pogge segir óréttlætið ekki bundið við það heldur sé það til þess fallið að stuðla að viðvarandi setu spilltra stjórnvalda, borgarastyrjöldum og aukinni fátækt í auðlindaríkum löndum. Pogge telur ástæðuna vera þá að auðlindaríkar þjóðir eigi auðveldara með en auðlindarýrari þjóðir að fá vilyrði fyrir lánnum hjá vestrænum ríkjum sem nýta auðlindir þeirra. Spillt stjórnvöld komist þannig í þá stöðu að geta tekið lán og nýtt þau í eigin þágu, án tillits til hagsmuna þjóðarinnar. Því eru margar auðlindaríkar þjóðir verulega skuldsettar, án þess að hinn almenni borgari hafi endilega notið nokkurra gæða af þeim lánnum sem tekin hafa verið. Pogge segir dæmi sína fram á að þessi auðlinda- og lánaforréttindi, sem auðlindaríkar þjóðir hafa, séu hvatning fyrir spillta og valdaþyrsta einstaklinga til að brjótast til valda og beina ríkistekjum í eigin vasa.⁷²

Slíkir harðstjórar og herforingjar fátækra ríkja eru langt í frá saklausir en Pogge telur að sekt okkar forystufólks sé enn meiri þar sem það bæði hefur stofnað til

⁶⁹ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, 92.

⁷⁰ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, 310.

⁷¹ Alison M. Jagger, ritstj., Thomas Pogge and His Critics (Malden: Polity Press, 2010), 4.

⁷² Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms* (Cambridge: Polity Press, 2008), 207-209.

þessa efnahagslega óréttlætis og viðheldur því með kerfi sem skipulega verðlaunar spillt stjórnvöld í mörgum fátækum ríkjum. Þá séu almennir borgarar á Vesturlöndum ekki heldur saklausir þar sem þeir hafa veitt stjórnvöldum umboð til að viðhalda kerfinu, eða a.m.k. látið sér það lynda án aðgerða. Við erum því öll með tölu vitorðsmenn í gríðarstórum glæp gegn mannkyni og ekki eins aðgerðalaus og við jafnan teljum okkur vera.⁷³

Pogge segir ábyrgðina á fátæktarvanda heimsins liggja hjá öllum sem taka þátt í hinu stofnanavædda efnahagslega óréttlæti sem stuðlar að alvarlegri fátækt sem hægt væri að koma í veg fyrir.⁷⁴ Hin siðferðilega spurning ætti því fyrst og fremst að snúa að því hvernig við getum lagt minna af mörkum til efnahagslegs óréttlætis en við gerum nú, þ.e. hvernig við getum innt taumhaldsskyldu okkar af hendi sem skyldi.⁷⁵

⁷³ Alison M. Jagger, ritstj., Thomas Pogge and His Critics (Malden: Polity Press, 2010), 5.

⁷⁴ Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms* (Cambridge: Polity Press, 2008).

⁷⁵ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, 90.

IV. hluti – Gagnrýni á hugmyndir Thomas Pogge

Fram að þeim tíma er Pogge setti fram hugmyndir sínar höfðu vestrænir heimspekingar að miklu leyti einblínt á það hvernig og hversu mikið íbúar velmegandi ríkja ættu að aðstoða „fátækt fólk í fjarska“. Sú kenning Pogge að efnahagslegt óréttlæti heimsins varðaði brot þegna vestrænna ríkja á taumhaldsskyldum sínum gekk því þvert á allar fyrri hugmyndir og kom inn með nýjar forsendur fyrir umræðuna um efnahagslegt óréttlæti. Fyrir vikið hefur kenningin sætt talsverðri gagnrýni. Mun ég sérstaklega beina sjónum mínum að einni ákveðinni gagnrýni.

Galli í röksemdafærslu Pogge?

Fjölmarginir heimspekingar hafa sett fram gagnrýni á kenningu Pogge og hefur meðal annars verið gefið út greinasafn með úrvali slíkrar gagnrýni.⁷⁶ Uwe Steinhoff er einn þeirra sem hvað harðast hefur gagnrýnt hugmyndir Pogge. Hann segir ásakanir hans á hendur þegnum vestrænna ríkja ekki aðeins vera óréttmætar heldur beinlínis rangar. Hann telur að jafnvel þó að Pogge hefði rétt fyrir sér varðandi það að ákveðin ríki (eða a.m.k. ákveðin ríki í samstarfi sín á milli) brjóti vissar taumhaldsskyldur sem þau hafa gagnvart fátækum ríkjum þá rasi hann um ráð fram þegar hann heldur því fram að því fylgi að við, þegnar þessara ríkja, brjótum þar með einnig þær taumhaldsskyldur sem okkur ber að gangast við.⁷⁷

Steinhoff segir galla röksemdafærslu Pogge felast í því að hún innihaldi aðeins tvö skref en hún þyrfti að innihalda a.m.k. þrjú. Fyrri skrefið er í því fólgið að sýna fram á staðreynd efnahagslegs óréttlætis í heiminum en seinna skrefið sýnir í besta falli fram á ábyrgð nokkurra vestrænna ríkja (jafnvel aðeins ábyrgð þessara ríkja í samstarfi sín á milli) fyrir hinu efnahagslega óréttlæti. Hins vegar vanti þriðja skrefið, að færð séu rök fyrir því hvernig almenningi ber að axla ábyrgð. Á þeim grunni segir Steinhoff að hrekja megi allar þrjár ástæðurnar sem Pogge gefur sem grunnástæður efnahagslegs óréttlætis í heiminum, þar sem sýna megi fram á að fyrir þriðju forsendunni sé enginn fótur. Ég hyggst skoða þá röksemd Steinhoff betur.⁷⁸

⁷⁶ Alison M. Jagger, ritstj., *Thomas Pogge and His Critics* (Malden: Polity Press, 2010).

⁷⁷ Uwe Steinhoff, „Why “We” Are Not Harming the Global Poor: A Critique of Pogge’s Leap from State to Individual Responsibility,” *Public Reason* 4(1-2) (2012): 119.

⁷⁸ Sama rit: 119.

Hverju og einu okkar er vissulega ekki ljóst hvernig við stuðlum að og viðhöldum djúpstæðu efnahagslegu óréttlæti á heimsvísu. Steinhoff segist persónulega ekki verða þess var að hann eigi nokkurn þátt í því og bendir á að augljós mistök séu fólgin í þeirri staðhæfingu Pogge að ef stjórnvöld í landi beri ábyrgð á ákveðnum gjörðum þá séu þegnar landsins sömuleiðis ábyrgir. Stjórnvöld gætu t.d. framkvæmt gjörðir sem við óskuðum okkur alls ekki að þau framkvæmdu og það væri út í hött að halda því fram að við deildum einhverri ábyrgð á slíkum gjörðum. Steinhoff rökstyður mál sitt með dæmi.⁷⁹

Hvað ef stjórnvöld í landi mínu ákveða af ranglátum ástæðum að láta taka mig af lífi? Það er augljóslega rangt að halda því fram að samlandar mínir og ég berum grundvallarábyrgð á morðinu á mér. Sama á við ef stjórnvöld ákvæðu að taka mig og kærustuna mína af lífi. Það væri þá einnig augljóslega rangt að halda því fram að samlandar mínir og ég bærum grundvallarábyrgð á morðunum. Engu breytti ef kærastan mín væri útlendingur. [...] En, hver væri munurinn ef útlendingurinn sem tekinn væri af lífi ásamt mér væri hvorki kærastan mín né nokkur sem ég þekkti? Afhverju ætti það að hafa í för með sér að grundvallarábyrgð færdist yfir á mig? Fyrir því er engin greinileg ástæða.⁸⁰

Steinhoff segir einfaldlega röklega ómögulegt að halda því fram að ef stjórnvöld okkar brjóti taumhaldsskyldu sína gagnvart „fátækum í fjarska“ hafi það í för með sér að við berum einnig ábyrgð. Í ljósi þessa telur Steinhoff afar aðkallandi að Pogge færi fram sérhæfð rök fyrir því hvernig við sköðum fátæka, þ.e. að hann brúi bilið á milli ábyrgðar stjórnvalda og einstaklingsins.⁸¹

Tilraunir Pogge til að brúa bilið

Steinhoff telur Pogge gera tvær tilraunir til að brúa þetta bil milli stjórnvalda og einstaklingsins. Í þeirri fyrri segi Pogge að þrátt fyrir að maður taki ekki sjálfur ákvarðanir fyrir land sitt þá sé maður að hluta til ábyrgur fyrir ákvörðunum sem teknar eru í þess nafni með því einu að leggja vinnuaflið sitt af mörkum til samfélagsins, borga skatta o.s.frv. Ætli maður að virða taumhaldsskyldu sína þurfi

⁷⁹ Sama rit: 122.

⁸⁰ Sama rit: 122.

⁸¹ Sama rit: 123.

maður því að gerast einsetumaður eða brottflytjast. Þá segir Pogge mögulegt og jafnframt trúverðugra að virða hana með því að vinna að því að hlífa fórnarlömbum efnahagslegs óréttlætis eftir öðrum leiðum, s.s. með því að leggja sitt af mörkum til þróunaraðstoðar og neyðaraðstoðar.⁸²

Síðari tilraunin sem Steinhoff telur Pogge gera til að brúa bilið snýr að því að í lýðræðisríkjum fara stjórnámamenn og samningamenn með völd sem þeim eru látin í té af þegnum lands síns og hefðu lítið vægi annars. Pogge segir að þess vegna sé ekki hægt að líta framhjá því að það sé okkar misbrestur ef stjórnsýsla er ekki ábyrgðarfull og gagnsæ. Steinhoff samsinnir Pogge varðandi það atriði að við getum ekki firrt okkur þeirri ábyrgð sem felst í því að krefja stjórnvöld um gagnsæ og ábyrg vinnubrögð. Það séu hins vegar ekki nægjanleg rök til að halda því fram að við vanrækjum taumhaldsskyldur okkar gagnvart fátækum þegnum heimsins.⁸³

Steinhoff segir fyrri tilraun Pogge ákveðnum vandkvæðum bundna. Hvernig ætti maður í fyrsta lagi að valda fátækum skaða með því einu að vinna vinnuna sína og borga skatta? Hann telur óhætt að fullyrða að sá skaði sem hinn almenni vestræni borgari kynni að valda fátækum eftir þeim leiðum sé hverfandi. Í því ljósi ætti að nægja að gefa lítið eitt til þróunaraðstoðar eða taka þátt í akademískum umræðum um fátækt til að bæta þann skaða.⁸⁴

Í öðru lagi segir Steinhoff ekki vera til nein rök sem sýni fram á að það að gerast einsetumaður og hætta að borga skatta hafi jákvæð áhrif á fátæktarvanda heimsins, þvert á móti kynni það að valda meiri skaða en ella. Ef mörg okkar tækju upp á því að gerast einsetumenn og hætta að borga skatta gæti það t.d. orðið til þess að stjórnvöld myndu bregðast við með því að skera niður fjárframlög úr ríkissjóði til þróunaraðstoðar og neyðarhjálp. Að auki kynni það að koma illa niður á veikum og fátækum samlöndum manns. Loks er þessi leið illréttlæt看leg fyrir þá sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá þar sem maður hefur einnig siðferðilegar skyldur gagnvart sínum nánustu.⁸⁵

Þá segir Steinhoff þessa leið, sem hann telur sig hafa sýnt fram á að sé ófær, vera þá einu sem Pogge býður sem sé til þess fallin að virða taumhaldsskyldur sínar, þ.e. virða griðarétt fátækra. Hann bendir á að það að styrkja hvers kyns hjálparsamtök sé augljós verknaðarskylda sem svari ekki til þess að heiðra taumhaldsskyldur sínar.

⁸² Sama rit: 123.

⁸³ Sama rit: 132–133.

⁸⁴ Sama rit: 123–124.

⁸⁵ Sama rit: 123–127.

Hann segir því Pogge ekki aðeins gerast sekan um ósamkvæmni í kenningu sinni heldur bjóði hann enga réttmæta eða raunhæfa leið til að komast hjá þessum ætluðu, alvarlegu brotum okkar á taumhaldsskyldum.⁸⁶

Niðurstaða gagnrýnnar

Niðurstaða Steinhoff er sú að við séum ekki ábyrg fyrir þeim glæp sem Pogge kallar gríðarstóran glæp gegn mannkyni.⁸⁷ Þá séu áskanir Pogge um brot okkar á taumhaldsskyldum ekki aðeins rangar heldur einnig óréttmætar. Þetta kemur skýrt í ljós ef við ímyndum okkur að sjálfráða manneskja gerðist sek um að brjóta á rétti annarrar manneskju til lífs. Þá hlyti sjálfsvörn brotapolans að vera réttlætanleg, jafnvel þó hún kynni að verða brotamanninum að bana.

Það gengur hins vegar þvert á hversdagslegt innsæi okkar að halda því fram að á okkur mætti gera gagnárás í sjálfsvörn, jafnvel banvæna, fyrir þær sakir einar að vinna og borga skatta til ríkisins. Steinhoff telur að fyrst við séum ekki tilbúin að samþykkja að á okkur megi gera slíka gagnárás sé sýnt fram á að við getum ekki verið þátttakendur í gríðarstórum glæp gegn mannkyni.⁸⁸

Persónuleg viðbrögð við gagnrýni Steinhoff á Pogge

Mér virðist sú gagnrýni sem Steinhoff setur fram á hugmyndir Pogge afar sterk og því ekki hægt að líta framhjá henni. Í fyrsta lagi er sú gagnrýni að ekki sé til nein raunhæf eða réttmæt leið til að heiðra taumhaldsskyldur sínar illhrekjanleg. Sama á við um þá gagnrýni að ekki sé raunverulega um taumhaldsskyldur að ræða, líkt og Pogge heldur fram, heldur „einungis“ verknaðarskyldur eins og í fyrri umræðum vestrænnar heimspeki um efnahagslegt óréttlæti heimsins.

Þrátt fyrir það virðist mér að hugmynd Pogge um arðgreiðslur af auðlindum haldi, sé hún ekki byggð á hans eigin forsendum, þ.e. þeim forsendum að við brjótum taumhaldsskyldur okkar, heldur sé litið á framkvæmd hennar sem verknaðarskyldu gagnvart fátækari þjóðum. Í því samhengi er rétt að rifja upp að Vilhjálmur Árnason

⁸⁶ Sama rit: 127.

⁸⁷ Thomas Pogge, *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms* (Cambridge: Polity Press, 2008), 31.

⁸⁸ Uwe Steinhoff, „Why “We” Are Not Harming the Global Poor: A Critique of Pogge’s Leap from State to Individual Responsibility,“ *Public Reason* 4(1-2) (2012): 127.

benti á að þegar grundvallarmannréttindi væru annars vegar, þá væru verknaðarskyldur okkar ekki síður mikilvægar en taumhaldsskyldurnar.⁸⁹

Þá hefur órökstudda stökkið sem Pogge tekur frá ábyrgð stjórnvalda til einstaklingsábyrgðar engin teljandi áhrif þar á, þar sem það væri augljóslega fyrst og fremst í höndum vestrænna stjórnámálanna að koma á slíku kerfi en ekki þegna þeirra. Vissulega ættum við að þrýsta á stjórnvöld að koma á slíku kerfi ásamt því að vanda okkur við nýtingu atkvæðisréttar okkar í kosningum. Hins vegar virðist það ekki vera á okkar siðferðilegu ábyrgð að svara fyrir aðgerðaleyfi eða aðgerðir vestrænna stjórnvalda. Þær gætu aldrei talist vera okkar eigin.

Ef til vill kynni einhver að líta á hugmynd Pogge um arðgreiðslur af auðlindum sem alltof róttæka hugmynd. Dæmin sanna hins vegar að rótgrónum hugmyndum hefur verið kollvarpað í gegnum tíðina, þrátt fyrir að nánast hafi verið farið að líta á þær sem náttúruleg mál. Rithöfundurinn Ursula K. Le Guin fór örfáum orðum um rótgrónar hugmyndir í ræðu sem hún hélt nýlega, þó hún talaði að vísu út frá kollvörpun kapítalisma en ekki arðgreiðslum af auðlindum:

Við lifum við kapítalisma, máttur hans virðist óumflýjanlegur – en – það gerði einnig hið guðdómlega vald sem konungar höfðu eitt sinn. Menn hafa burði til að veita viðnám og breyta öllu mannlegu valdi.⁹⁰

⁸⁹ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, 288.

⁹⁰ Ursula K. Le Guin, “Ursula K Le Guin's speech at National Book Awards: 'Books aren't just commodities'”, *The Guardian*, <http://www.theguardian.com/books/2014/nov/20/ursula-k-le-guin-national-book-awards-speech>.

V. hluti – Niðurstöður

Ég gekk út frá því í upphafi að allir ættu rétt til mannsæmandi lífs. Þá greindi ég frá því að spurningarnar sem ég ætlaði að fást við sneru ekki að því *hvort* bregðast ætti við efnahagslegu óréttlæti og fátækt í heiminum heldur *hvers lags* breytingar væru vænlegastar til bóta og *hverra* væri að koma þeim í kring? Jafnframt velti ég fyrir mér hvað stæði í vegi fyrir því að slíkar breytingar yrðu gerðar tafarlaust og hvort réttlætanlegt væri að sitja aðgerðarlaus hjá í heimi þar sem efnahagslegt óréttlæti er eins djúpstætt og raun ber vitni?

Ég tel óumdeilanlegt eins og staðan er í dag að það sé í verkahring stjórnvalda þeirra þjóða sem fjármagnið hafa að hætta að firra sig ábyrgð og fara að beita sér af krafti fyrir því koma á réttlátara efnahagskerfi en nú er við lýði. Vestræn stjórnvöld gætu til dæmis tekið á vandanum með skipulagningu kerfis þar sem arðgreiðslur af auðlindum rynnu til upprætingar fátækta, allt þar til stjórnvöld hinna fátækari ríkja hefðu bolmagn til að taka við uppbyggingu í landi sínu uppá eigin spýtur.

Ég beini augum að stjórnvöldum vegna þess að mér virðist bæði einfaldara í framkvæmd og líklegra til árangurs að leiðin yrði skipulögð af stjórnvöldum en að hún væri í höndum einstakra vestrænna þegna. Ég get einfaldlega ekki séð fyrir mér að í náinni framtíð muni fólk hætta að kaupa sér föt í þeim tilgangi að líta vel út eða neita sér um síma með myndavél til að geta tekið myndir af sér í nýju fötunum og birt á Instagram eða Facebook.

Í þeim orðum mínum felst hins vegar ekki sú afstaða að borgarar hinna ríkari þjóða ættu að bíða aðgerðalausir þar til slíku kerfi yrði komið á af stjórnvöldum heldur tel ég að einstaklingum beri að leggja sitt af mörkum þar til stjórnvöld á Vesturlöndum taka við sér. Þeirri staðhæfingu kynnu einhverjir að andmæla og halda því fram að það að láta fé af hendi rakna til þróunaraðstoðar og neyðaraðstoðar geri stjórnvöldum kleift að komast undan skyldum sínum og letji þau til aðgerða. Af þeim sökum ætti maður ekki að láta fé af hendi rakna til slíks starfs. Peter Singer hefur hins vegar bent á að þessi röksemdafærsla sé órökstudd og telur hana jafnframt afar ósennilega.

Hin öndverða skoðun virðist líklegri: að ef enginn gefur af fúsum og frjálsum vilja þá muni ríkisstjórnin gera ráð fyrir því að þegnarnir hafi engan áhuga á að veita fé til hjálparstofnana.⁹¹

Það er líklega rétt að skoða eilítið nánar ábyrgðarhlutverk einstaklingsins í heimssamfélaginu en því hefur enn ekki verið svarað almennilega hvaða ábyrgð heyrir til þess hlutverks.

Steinhoff benti á að Pogge virtist ekki hafa svör á reiðum höndum sem sýndu fram á að einstaklingurinn bæri hluta ábyrgðarinnar á efnahagslegu óréttlæti heimsins. Það er vissulega rétt að ekki er hægt að bera því við að þegar beri ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru í nafni stjórnvalda þeirra, líkt og reifað hefur verið. Hins vegar hafa einstaklingarnir í hendi sér vald til að stjórna neysluháttum sínum og takmarka neyslu sína, a.m.k. að einhverju leyti. Því virðist mér Pogge hafa mikið til síns máls eftir allt saman þegar hann krefst þess að við höldum að okkur höndum í ríkara mæli og virðum þannig taumhaldsskyldu okkar og griðarétt fátækra.

Vestræn fyrirtæki nýta auðlindir í þróunarlöndum til framleiðslu á vörum ætluðum vestrænum markaði. Ein þeirra auðlinda sem vestræn fyrirtæki nýta í ríkum mæli er vatn. Fyrir Íslendinga getur verið erfitt að gera sér vatnsskort í hugarlund en í þróunarlöndum er vatnsskortur viðvarandi vandamál. Í mörgum þessara landa er meira vatn nýtt í vestrænum iðnaði en fellur í hlut innfæddra til einkanota. Það vill oft gleymast að þrátt fyrir að vara beri það ekki með sér, þá getur framleiðsla hennar hafa kostað gífurlegt vatnsmagn og þegar vestræn fyrirtæki nýta vatnsauðlindir þróunarríkja til framleiðslu á slíkum vörum samsvarar það því að þetta vatnsmagn væri tekið frá þróunarlöndunum og flutt úr landi.⁹²

Þó að við tökum ekki ákvarðanir í nafni fyrirtækja og berum ekki ábyrgð á þeim (nema vera í stjórnunarstöðu innan þeirra), þá er það í okkar valdi að leggja okkur fram um að vera ábyrgir neytendur. Í því felst t.d. að takmarka neyslu okkar og sniðganga fyrirtæki sem gjörnýta vatnsbúskap á fátækum landssvæðum eða sýna með einhverjum hætti skammarlega framkomu í garð fátækra ríkja. Þannig telur Pogge okkur geta haldið betur að okkur höndum og virt griðarétt fátækra ríkja. Forsendurnar fyrir rýrari neyslu eru í því í tilviki Pogge aðrar en í kenningu Singer en mér virðist þrátt fyrir það að kenningarnar geti vel farið saman.

⁹¹ Peter Singer, „Hungursneyð, velmegun og siðferði,“ þýð. Ingi F. Vilhjálmsson, *Hugur* 21 (2009): 90.

⁹² Robert Martin o.fl., „Water: Facts and Trends”, World Business Council for Sustainable Development, http://www.unwater.org/downloads/Water_facts_and_trends.pdf.

Sú spurning situr hins vegar enn eftir hvort það að láta fé af hendi rakna til þróunaraðstoðar sé aðeins eitthvað sem dýrlingar og hetjur inna af hendi líkt og Rawls hélt fram? Hér held ég að rétt sé að koma eilítið aftur að meginreglu Peter Singer sem minnst var á í upphafi. Það er að vísu sá grundvallarmunur á kenningu Singer annars vegar og Rawls og Pogge hins vegar að hann hefur neyðaraðstoð í forgrunni en þeir þróunaraðstoð. Mér virðist hins vegar að meginreglu Singer mætti vel setja í víðara samhengi og láta hana taka til réttar allra til mannsæmandi lífs en ekki aðeins neyðaraðstoðar.

Hin hófsamari meginregla Singer höfðar sterkt til samviskunnar og það er erfitt að halda því fram að hún eigi ekki við rök að styðjast. Það er hins vegar vandlifað ætli maður í sífellu að gera upp við sig hvort um nauðsynjavöru sé að ræða þegar maður íhugar að fjárfesta í hverju sem helst. Gjarnan situr síðan sú tilfinning eftir að maður gæti líklega lagt miklu meira af mörkum en maður gerir til að ráða bót á efnahagslegu óréttlæti í heiminum. Stundum finnst manni líka, þrátt fyrir allt, maður eiga skilið að kaupa sér eitthvað sem ekki myndi flokkast undir nauðsynjavöru. Mig langar til dæmis ofboðslega að verðlauna sjálfa mig að loknum þessum skrifum og kaupa mér nuddtíma til að vinna á vöðvabólgunni eftir langar setur fyrir framan tölvuskjáinn.

Mér virðist sem við þurfum að skoða verðskuldun aðeins nánar. Eiga „fátækir í fjarska“ tilkall til þess sparifjár sem við höfum unnið okkur inn? Eða eigum við einfaldlega skilið að njóta góðs af því sem við höfum á milli handanna, án þess að huga í sífellu að „fátækum í fjarska“? Afstaða margra er sú að þeir sem eru duglegir að vinna eða spara, nema hvort tveggja sé, eigi skilið að njóta góðs af því erfiði sínu. Afstaða Singer felur hins vegar í sér að fólk ætti að fyllast sektarkennd og skammast sín ef það lætur ekki fé af hendi rakna samkvæmt meginreglunni. Ef horft er til velmegunarinnar sem ríkir í heiminum annars vegar og hungursneyðarinnar hins vegar, má álykta að heilu og hálfu þjóðirnar ættu að þjást af samviskubiti dag- og næturlangt í samræmi við hófsamari reglu Singer, hvort sem hún væri miðuð út frá neyðaraðstoð eða mannsæmandi lífi.

Í þessu samhengi tel ég afar mikilvægt að við minnumst þess við hvaða aðstæður margt fólk í fátækari hluta heimsins neyðist til að vinna. Við gætum t.d. borið vinnudag starfsmanns í þrælaverksmiðju (e. *sweatshop*) saman við okkar eigin vinnudag. Finnst okkur réttlætjanlegt að starfsmenn bogri yfir saumavélum í verksmiðjum við óviðunandi aðstæður á lúsarlaunum lungann úr deginum og eigi

jafnvel á hættu að láta lífið við störf sín þar sem lélegt húsnæði verksmiðjunnar kynni að hrynja yfir þá? Hvað þá að kaupa okkur fatnað sem við gerum okkur fulla grein fyrir að er runninn undan saumavél í slíkri verksmiðju?

Til að þegnar hinna vestrænu samfélaga fari að velta í meira mæli fyrir sér neyslu sinni með tilliti til annarra – hvort sem það snýr að gjörnýtingu vatnsbirgða á fátæku svæði, fatnaði sem runninn er undan saumavél í þrælaverksmiðju eða sparnaði í því skyni að geta látið fé af hendi rakna til þróunaraðstoðar eða neyðaraðstoðar í ríkari mæli – þá tel ég menntun grundvallaratriði. Þá á ég við menntun í réttnefndum skilningi orðsins, líkt og Vilhjálmur Árnason hefur gert grein fyrir. Það hlýtur að vera nauðsynlegt börnum, og fullorðnum, að hljóta menntun í siðfræði og gagnrýninni hugsun til að samfélagið byggi sem flestir einstaklingar sem raunverulega velta fyrir sér siðferðilegri ábyrgð sinni og skyldum.

Ég tel að kenningar Singer og Pogge séu báðar vel til þess fallnar að hvetja okkur til umhugsunar. Það var til að mynda Singer sem kveikti vangaveltur mínar og hugmyndir sem hleyptu þessari ritgerð úr hlaði en hins vegar Pogge sem aðstoðaði mig við að sigla henni í höfn. Mér virðist þó ekki bera eins mikið í milli kenninga þeirra og ég áleit í fyrstu. Singer hefur verknaðarskylduna í forgrunni og telur okkur eiga að halda að okkur höndum við neyslu vegna þess að okkur beri að gefa af okkur til neyðaraðstoðar. Pogge lítur aftur á móti á neyslusamdrátt sem taumhaldsskyldu og að við ættum að halda að okkur höndum þar sem framleiðsla ýmiss varnings skaðar „fátækt fólk í fjarska“. Hugmyndir þeirra falla þannig vel hvor að annarri, þrátt fyrir að forsendurnar séu ólíkar.

Að lokum langar mig að minnst eilítið á það að þegar talið berst að efnahagslegu óréttlæti heimsins þá kemur oftast en ekki fram kór efasemdaradda sem virðist ekki telja neinnar þróunaraðstoðar þörf og segir hana ekki til þess fallna að aðstoða hvort eð er. Efasemdaraddir berast gjarnan frá einstaklingum sem búa við mikil forréttindi en þær eru þrátt fyrir það mikilvægar umræðunni. Þær leggja til fleiri sjónarhorn á umræðuflötinn og eru vel til þess fallnar að kanna hvers kyns þróunaraðstoð og neyðaraðstoð séu best verjanlegar fyrir gagnrýni og skili ríkulegustum árangri.

Þá hef ég heldur ekki enn minnst á algengar og háværar gagnrýniraddir sem snúa að því að aðstoð við fólk í þróunarlöndum muni óhjákvæmilega minnka hagvöxt á Vesturlöndum. Mér virðist þessum áhyggjum tiltölulega auðsvarað. Það er smávægilegur tilkostnaður ef niðurstaðan er sú að fleiri muni fá lifað mannsæmandi

lífi. Raunar tel ég ekki einu sinni að tala ætti um tilkostnaður heldur ávinning, þar sem slíkar afleiðingar yrðu líklega fyrst og fremst af hinu góða á Vesturlöndum. Við lifum við neyslubrjálæði og bæði framleiðum og vinnum alltof mikið. Þess má t.d. sjá merki í aukinni sóun og streitu í ríkari samfélögum heimsins. Ég tel einmitt löngu orðið tímabært að áherslan á mikið vinnuframlag, mikla framleiðslu og mikinn hagvöxt í menningu hinna ríkari þjóða verði endurskoðuð.

Það er þó ekki hægt að horfa framhjá því að við erum búin að venjast lífsgæðastaðli sem er afar hár og það gæti orðið mörgum áfall að breyta þeim staðli of snögglega. Ég tel samt brýnt að við Vesturlandabúar endurskoðum viðhorf okkar til þess hvað telst til lífsgæða. Velta má fyrir sér hvort við þurfum ekki hvata til að svo megi verða og þá liggur beint við að spyrja hvort samviskubít gagnvart núverandi neysluháttum og lífsmynstri sé góður hvati, líkt og kenning Peter Singer hefur í för með sér?

Áður en því er svarað tel ég afar mikilvægt að fyrirbyggja misskilning sem spurningin kynni að valda. Ég tel ekki að okkar persónulega ábyrgð felist í því að taka á okkur skömmina af öllu sem illa hefur farið í samskiptum ríkari þjóða við þær fátækari í fortíðinni – það er afar tilgangslítið og einungis til þess fallið að auka á vanlíðan í veröldinni. Ábyrgð okkar tel ég hins vegar felast í því að taka einlæga ákvörðun um að leggja okkar af mörkum til að bæta ástandið í heiminum eins og það kemur fyrir í dag. Ef núverandi neysluhættir okkar eru algjörlega ótækir tel ég að samviskubít kunni að vera góður hvati til bættra lífshátta.

Eftir sem áður virðist mér vera algjört lykilatriði að upplýsa almenning betur um fátækt í heiminum en nú er gert og síðan ætti hverjum og einum ætti að vera treystandi til að líta í eigin barm og skoða sína neysluhætti. Ég held að fólk þurfi að fá að endurskoða lífsgildi sín á eigin forsendum og sínum hraða ef raunverulegur árangur á að nást. Annars yrði líklega um skammvinnan vermi að ræða sem vart myndi skila sér til næstu kynslóðar. Til þess virðist mér, líkt og Pogge, að hugmynd Rawls um fávísisfeldinn sé einkar vel fallin þar sem það hlýtur að vera mjög mikilvægt fyrir aukinn skilning á fátækt í heiminum að fólk rækti með sér þann hæfileika að geta sett sig í spor annarra.

Mig langar að enda þessi skrif á því að biðja þig, í anda réttlætiskenningar Rawls, að muna að við erum öll bara manneskjur – hvort sem við erum fædd á Vesturlöndum eða í þróunarríki. Manneskjur sem alla jafna óska sér að komast hjá þjáningum og óöryggi um lífsafkomu. Manneskjur sem alla jafna er annt um

fjölskyldu sína, vini og ættingja og myndu leggja ýmislegt á sig til að forða sínum nánustu frá þjáningum. Manneskjur sem alla jafna hafa reynt það á eigin skinni að líða illa en reyna hvað þær geta að komast hjá því. Manneskjur sem alla jafna eiga sér drauma sem þær óska sér að uppfylla, þrátt fyrir að ekki séu þær allar í sömu stöðu og ég og þú til uppfylla drauma sína og gætu því reynt að loka augunum fyrir tilvist þeirra. Þá langar mig að biðja þig um að velta því fyrir þér hvort einhver raunveruleg gæði myndu tapast við að láta á nýtt heimsskipulag reyna, með eftirfarandi orð Peter Singer á bak við eyrað.

Ef mögulegur ávinningur er sá að endir verði bundinn á hungursneyðir í heiminum þá er það áhættunnar virði.⁹³

⁹³ Peter Singer, „Hungursneyð, velmegun og siðferði,“ þýð. Ingi F. Vilhjálmsson, *Hugur* 21 (2009): 89.

Heimildaskrá

- Anna Agnarsdóttir. „Hvað er nýlendustefna? Hver voru helstu nýlenduveldin og afhverju sölsuðu þau undir sig önnur lönd?“ *Vísindavefurinn*, birt 23. nóvember 2006, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6400> (skoðað 18. apríl 2015).
- Asad, Talal. „From the History of Colonial Anthropology to the Anthropology of Western Hegemony.“ *The Anthropology of Politics: A Reader in Ethnography, Theory, and Critique*. Ritstjóri Joan Vincent. Oxford: Blackwell Publishing, 2002, 133-142.
- Árni Böðvarsson, ritstjóri. *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1963/1983.
- “Defining the Poverty Line: Too Much Credit for a Bankrupt Tool?” *Poverty.org*, birt í janúar 2011, uppfært í maí 2012, <http://www.poverties.org/poverty-line.html> (skoðað 22. apríl 2015).
- Guðný Björk Eydal. „Er fátækt á Íslandi? Hvað er afstæð fátækt?“ *Vísindavefurinn*, birt 22. maí 2006, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5960> (skoðað 21. apríl 2015).
- Gunnar Karlsson, ritstjóri. *Fornir tímar – Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4.000.000 f.Kr. til 1800 e.Kr.* Reykjavík: Mál og menning, 2003.
- Jaggar, Alison M, ritstjóri. *Thomas Pogge and His Critics*. Malden: Polity Press, 2010.
- Kristín Vala Ragnarsdóttir. „Íslendingar eru mestu umhverfissóðar í heimi“ (viðtal Höllu Harðardóttur við Kristínu Völu Ragnarsdóttur). *Fréttatíminn*, birt 21. febrúar 2014, http://www.frettatiminn.is/frettir/islendingar_eru_mestu_umhverfissodar_i_heimi/ (skoðað 14. febrúar 2015).
- „Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2015 - Sveitarfélagaskipan hvers árs.“ *Hagstofa Íslands*, síðast uppfært 4. mars 2015, <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2015+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi> (skoðað 23. apríl 2015).

- „Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.“ Mannréttindaskrifstofa Íslands, <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar-og-yfirlýsingar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlýsing-sameinudu-thjodanna> (skoðað 23. apríl 2015).
- Martin, Robert, Al Fry, Eva Haden og Michael Martin. „Water: Facts and Trends.“ World Business Council for Sustainable Development, birt í ágúst 2005, http://www.unwater.org/downloads/Water_facts_and_trends.pdf (skoðað 8. maí 2015).
- Nanna Hlín Halldórsdóttir. „Er siðferðilega réttlætlegt að eyða 190.000 kr. í iphone 5?“ Vísindavefurinn, birt 27. september 2013, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=63459> (skoðað 6. maí 2015).
- Nkrumah, Kwame. „Neo-Colonialism, the Last Stage of Imperialism,“ Marxists Internet Archive, birt 1965, <https://www.marxists.org/subject/africa/nkrumah/neo-colonialism/introduction.htm> (skoðað 21. apríl 2015).
- Ólafur Rastrick. „Hvað er síðnýlendustefna?“ Vísindavefurinn, birt 18. ágúst 2006, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6135> (skoðað 20. apríl 2015).
- Páll Skúlason. *Pælingar*. Reykjavík: ERGO sf., 1987.
- Pogge, Thomas W. “Ending Poverty” (fyrirlestur). Youtube, birt 18. desember 2012, <https://www.youtube.com/watch?v=S2w6BqUBghg> (skoðað 23. apríl 2015).
- Pogge, Thomas W. “Pogge: John Rawls” (viðtal á vegum Carnegie Council for Ethics in International Affairs). Youtube, birt 3. febrúar 2012, <https://www.youtube.com/watch?v=r9yUJLBzGX8> (skoðað 7. maí 2015).
- Pogge, Thomas W. *World Poverty and Human Rights: Cosmopolitan Responsibilities and Reforms*. Cambridge: Polity Press, 2008.
- Rawls, John. “Justice as Fairness: Political not Metaphysical.” *Philosophy and Public Affairs* 3/14 (1985): 223 – 251.
- Rawls, John. *A Theory of Justice (Revised Edition)*. Cambridge: The Balknap Press of Harvard University Press, 1999.
- “Relative vs. Absolute Poverty: Why and How Do We Measure Poverty?” Poverty.org, birt í febrúar 2011, uppfært í apríl 2013, <http://www.poverties.org/absolute-poverty.html> (skoðað 22. apríl 2015).
- Shah, Anup. “Poverty Facts and Stats.” Global Issues, síðast uppfært 7. janúar 2013, <http://www.globalissues.org/article/26/poverty-facts-and-stats> (skoðað 23. apríl 2015).

- Singer, Peter. „Hungursneyð, velmegun og siðferði“. Þýðandi Ingi F. Vilhjálmsson. Hugur 21 (2009): 82-93.
- Singh, Amardeep. Lehigh University, birt vorið 2001, <http://www.lehigh.edu/~amsp/eng-11-globalization.htm> (skoðað 20. apríl 2015).
- Steinhoff, Uwe. „Why “We” Are Not Harming the Global Poor: A Critique of Pogge’s Leap from State to Individual Responsibility.“ *Public Reason* 4(1-2) (2012): 119-138.
- „Sýrland“. Unicef á Íslandi, <https://www.unicef.is/syrland> (skoðað 14. mars 2015).
- Ursula K. Le Guin. “Ursula K Le Guin's speech at National Book Awards: 'Books aren't just commodities'.” The Guardian, birt 20. nóvember 2014, <http://www.theguardian.com/books/2014/nov/20/ursula-k-le-guin-national-book-awards-speech> (skoðað 10. apríl 2015).
- Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*. Reykjavík: Heimskringla, 2008.
- Vilhjálmur Árnason. *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2003.